

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

ÁRSSKÝRSLA 2007



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY



Efnisyfirlit

	Bls.
Ávarp rektors	4
Stefna Háskólans í Reykjavík	6
Háskólaráð	10
Siðareglur Háskólans í Reykjavík	11
Skipulag Háskólans í Reykjavík	12
Starfsmenn Háskólans í Reykjavík	13
Nemendur HR 2007	14
Tækni- og verkfræðideild	16
Lagadeild	19
Kennslufræði- og lýðheilsudeild	23
Tölvunarfræðideild	25
Viðskiptadeild	28
Alþjóðlegt MBA nám á Íslandi	31
Rannsóknir við Háskólann í Reykjavík	32
Símennt HR	35
Stjórnendaskóli HR	35
Mannauðsverkefnið	36
Atvinnuþjónusta	37
Alþjóðaskrifstofa	38
Stúdentþjónusta HR	39
Bókasafn og upplýsingaþjónusta	40
Fjármál	41
Kennslu- og húsnæðismál	42
Þróunarsvið	43
Nýbygging HR við Öskuhlíð	44
Markaðs- og kynningarmál Háskólans í Reykjavík	46
Frétt næmir viðburðir á árinu	47



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Ársskýrsla HR 2007
Háskólinn í Reykjavík
Kringlunni 1, 103 Reykjavík
Ofanleiti 2, 103 Reykjavík
Höfðabakka 9, 110 Reykjavík

Hönnun, umbrot, prentun: Oddi ehf.



Ávarp rektors

Háskólinn í Reykjavík er og ætlar sér að vera háskóli 21. aldarinnar og fyrsti valkostur þeirra Íslendinga sem hyggja á háskólanám. Hlutverk starfsmanna skólans er að skapa og miðla þekkingu með það að leiðarljósi að undirbúa nemendur sem best fyrir framtíðina. HR er í mikilli sókn og til þess að sinna hlutverki sínu enn betur hefur markvisst verið unnið að uppbyggingu rannsókna og nýsköpun í kennslu undan farin misseri.

HR hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á að vera háskóli atvinnulíffisins og að vera í góðum tengslum við íslenskt atvinnulíf. Atvinnulíf sem tekur sífelldum breytingum og mið af þróun á alþjóðavettvangi. Stjórnendur og sérfræðingar framtíðarinnar þurfa að búa yfir færni til að greina og miðla upplýsingum, kunna að greina hvaða upplýsingum má treysta og búa yfir öflugri grunnþekkingu á sérhæfðum sviðum en geta samtímis beitt rökhugsun og sköpunargáfu við lausn flókinnna þverfaglegra viðfangsefna. Nýjar þarfir atvinnulíffisins hafa því mikil áhrif á hvað er kennt og hvernig er kennt í Háskólanum í Reykjavík.

Þeir sem skara munu fram úr á komandi árum eru þeir einstaklingar og fyrirtæki sem ná tókum á þverfaglegri færni. Verkfræðingurinn þarf að geta unnið náíð með viðskiptafræðingnum. Frumkvöðullinn með fjármálamönnunum. Lögfræðingurinn með vísindamönnunum. Skilin á milli sérfræðisviða verða óskýrari og tengingin á milli þeirra mikilvægari. Því er nám í Háskólanum í Reykjavík byggt á samvinnu nemenda úr ólíkum deildum, vísindagreinum og jafnvel menningarheimum. Samskiptin auka skilning á þörfum annarra, auka færni og gera námið litríkara og fjölbreyttara auk þess að undirbúa nemendur enn betur fyrir atvinnulífið.

Á síðasta ári gátu nemendur í Háskólanum í Reykjavík sótt námskeið í u.þ.b. 100 skólum í rúmlega 20 löndum. Nemendur okkar vinna undir handleiðslu valinkunnra einstaklinga úr íslensku atvinnulífi og færustu kennara og vísindamanna hér á landi sem leggja metnað sinn í að miðla markvisst þekkingu sinni og reynslu. Kennarar við skólann



voru á síðasta ári rúmlega 400 talsins og erlendir gestakennarar voru á fjórða tug. Við uppbyggingu skólans var sótt í smiðju háskóla sem skara fram úr bæði í Evrópu og Bandaríkjunum og með virku samstarfi við háskóla, rannsóknarstofnanir, fyrirtæki og stofnanir hér heima og erlendis hefur Háskólinn í Reykjavík vaxið og dafnað og orðið að stöðugt öflugri háskólastofnun.

Nemendur Háskólans í Reykjavík eru eftirsóttir því þeir sem útskrifast úr skólanum hafa kynnst alþjóðlegu samstarfi, unnið með fólki úr ólíkum fræðigreinum og öðlast skilning á íslensku atvinnulífi. Þeir hafa lært að vinna raunhæf verkefni en jafnframt að beita fræðilegri nálgun við lausn raunverulegra viðfangsefna. Þannig stuðlar Háskólinn í Reykjavík að nýsköpun og eykur samkeppnisfærni íslensks atvinnulífs og nemenda sinna.

Það er svo margt óhugsandi þar til það hefur verið framkvæmt. Við þurfum einungis að hafa hugrekki til að láta okkur dreyma og getu til að framkvæma drauma okkar. Háskólinn í Reykjavík undirbýr stjórnendur og sérfræðinga framtíðarinnar með framúrskarandi kennslu, tengingu við innlent og erlent atvinnulíf og hann gefur okkur innsýn í framtíðina í gegnum brautryðjandi rannsóknir og virkt alþjóðasamstarf. Framtíð Háskólans í Reykjavík er björt og ég er sannfærð um það að Háskólinn í Reykjavík er og verður háskóli 21. aldarinnar.

Dr. Svafa Grönfeldt
rektor Háskólans í Reykjavík

Stefna Háskólans í Reykjavík

Þeim sem er tekið eins og hann er verður eins og hann er.

Þeim sem er tekið eins og hann gæti orðið verður sá sem hann gæti orðið.

–Göthe

Við sköpum og miðlum þekkingu...

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu. Það er framlag okkar til samfélagsins sem við erum þátttakendur í. Samkeppnishæfni einstaklinga, fyrirtækja og þjóða á 21. öldinni ræðst af hæfni þeirra til að nýta þekkingu til framfara og þátttöku í alþjóðasamfélaginu.

Við sköpum þekkingu með rannsóknum og nýsköpun sem eiga erindi til vísindasamfélagsins og atvinnulífsins. Við virðum frelsi hugans til sköpunar en gerum strangar kröfur um fagleg vinnubrögð og gæði. Við setjum markið hátt og leitum samstarfs við þá bestu. Rannsóknir og nýsköpun eru undirstaða kröftugrar þekkingarsköpunar.

Við stefnum markvisst að því að auka rannsóknarvirgni okkar, vegna þess að:

- Samfélagið þarf á þekkingarsköpun að halda til að auka hagvöxt og lífsgæði.
- Akademísk staða okkar er metin á grundvelli rannsóknarvirgni.
- Rannsóknir opna nýjar leiðir til tekjuöflunar og faglegrar uppbyggingar.

Akademísk staða okkar er metin með tilliti til þriggja meginþátta. Til að styrkja stöðu okkar enn frekar og auka samkeppnishæfni Háskólans í Reykjavík í samanburði við aðra háskóla hér á landi og í nágrannalöndunum munum við:

- Fjölga kennurum með doktorspróf.
- Auka fjölda birtinga í ritrýndum tímaritum.
- Auka sókn okkar í rannsóknarfé úr samkeppnissjóðum.

Sérstaða okkar markast hins vegar af:

- Lífandi kennsluáferðum og virkri þátttöku nemenda.
- Sterkum tengslum við atvinnulífið.
- Samstarfi við alþjóðlega fræðimenn og gestakennara.
- Möguleikum á að aðlaga kennsluáferðir og aðgengi að þjónustu okkar í takt við þarfir nútíma samfélags.

Við myndum hina fullkomnu heild því innan veggja Háskólans í Reykjavík starfa einstaklingar sem stunda rannsóknir á heimsmælikvarða, einstaklingar með mikla reynslu úr atvinnulífinu og fjöldi erlendra gestakennara. Þessi breidd gefur tækifæri til að skapa skólanum sterka akademíska stöðu, alþjóðlegan blæ og bjóða hagnýtt nám með þarfir atvinnulífsins í fyrirrúmi.

...til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði

Við sköpum og miðlum þekkingu með það að leiðarljósi að auka samkeppnishæfni nemenda okkar og samstarfsaðila. Við leggjum jafnframt kapp á að auka okkar eigin samkeppnisfærni með stöðugri þekkingarleit og starfsþróun. Við stöðnum ekki og horfum ávallt fram á við. Við hikum ekki við að fara ótroðnar slóðir og við leitum stöðugt nýrra leiða til að auka færni okkar, tryggja alþjóðleg gæði rannsókna og kennslu og bæta þannig framlag okkar til samfélagsins. Til að ná tilætluðum árangri þarf sérhvert okkar að berjast til að ná afburðaárangri. Afburðaárangur næst ekki nema með framúrskarandi ástundun og færni. Við vinnum óháð landamærum og höfum kjark til að brjóta hömlur sem við og aðrir setjum okkur.

Við í Háskólanum í Reykjavík höfum einstakt tækifæri til að auka lífsgæði í samfélaginu. Með störfum okkar höfum við tækifæri til að móta framtíðina, til hagsbóta fyrir hvern og einn einstakling sem og samfélagið í heild. Það gerum við með þekkingunni sem við sköpum, með þekkingunni sem við miðlum og með brennandi áhuga okkar og löngun til að láta gott af okkur leiða. Góð menntun er lífsgæði fyrir þann sem hennar nýtur og við viljum að stúdentar og starfsmenn upplifi það og njóti þess að nema og starfa hjá Háskólanum í Reykjavík.



Alþjóðleg og þverfagleg

Starfsumhverfi fyrirtækja og einstaklinga hefur gjörbreyst með tilkomu alþjóðavæðingar. Hún færir okkur tækifæri fremur en ógn. Þekkingarmiðlun er besta vopnið á tímum síaukinnar samkeppni. Með því að sinna hlutverki okkar af kostgæfni öðlast nemendur okkar þekkingu og þjálfun til að takast betur á við krefjandi aðstæður. Við eflum þannig samkeppnishæfni þeirra í þekkingarsamfélagi nútímans.

En til þess að svo megi verða tökum við í Háskólanum í Reykjavík mið af kröfum atvinnulífsins. Skilin á milli fræðasviða verða sífellt óskýrari og samþætting á milli þeirra mikilvægari. Krafan um aukna samskiptaleikni og færni í alþjóðlegum samskiptum til að tryggja hnökralaust samstarf á milli ólíkra menningarheima og sérfræðisviða gerist æ háværi. Við tryggjum að nemendur okkar og kennarar búi yfir bestu sérfræðiþekkingu sem völ er á og stuðlum jafnframt að þverfaglegri hæfni þeirra með auknum valkostum og samþættingu. Kennsluaðferðir þurfa að vera hvetjandi og þjálf samskiptaleikni og tungumálakunnáttu nemenda.

Til að skipa Háskólanum í Reykjavík sess sem alþjóðlegur háskóli munum við:

- Auka samstarf við leiðandi skóla á hverju sviði með aðkomu þeirra að hönnun námsbrauta, kennslu og gæðastöðlum.
- Kanna möguleika á þátttöku okkar í samstarfsnetum háskóla.
- Fjölga erlendum nemendum.
- Fjölga erlendum kennurum.
- Starfrækja öflugt alþjóðasvið innan HR.
- Vera að fullu tvítyngdur skóli árið 2010.

Fyrsti valkostur nemenda og starfsmanna

Háskólinn í Reykjavík stefnir ávallt að afburðaárangri. Við setjum markið hátt og við leggjum áherslu á gæði en ekki fjölda nemenda eða námsbrauta. Við viljum útskrifa afburða-

fólk sem er óhrætt við að láta til sín taka, jafnt í atvinnulífi sem vísindum. Til þess löðum við að efnilega nemendur, bjóðum þeim einungis afburðakennslu og þjálfun í hagnýtingu þekkingar sem þeir afla sér. Við stundum blómlegt rannsóknarstarf með þátttöku nemenda til að undirbúa þá og hvetja til frekara náms og þátttöku í vísindasamfélaginu. Við viljum vera fyrsti valkostur þeirra stúdenta sem vilja stunda háskólanám á Íslandi.

Þetta markmið gerir miklar kröfur til okkar sjálfra. Við vitum að háskóli er lítið meira en fólk sem þar starfar. Við þurfum stöðugt að hækka rána og auka þær kröfur sem við gerum, en um leið að laða að nýtt fólk sem hjálpar okkur að mæta þeim kröfum. Því viljum við einnig verða fyrsti valkostur þeirra sem kjósa að starfa í íslensku háskólaumhverfi. Þess vegna þarf Háskólinn í Reykjavík að bjóða upp á:

- Krefjandi en hvetjandi vinnuumhverfi sem laðar að sér þá bestu á hverju sviði.
- Markvissa símenntun starfsfólks og umhverfi þar sem hæfni, frelsi og fjölbreytileiki fá að njóta sín.
- Umbunar- og framgangskerfi sem hvetur til rannsóknarvirkni, framsækinnna kennsluáferða og virks samstarfs við atvinnulífið.
- Alþjóðlegt vinnuumhverfi sem skapar frjóan jarðveg fyrir þekkingarsköpun, miðlun og sterk tengsl við atvinnulífið.
- Vinnuumhverfi þar sem jafnrétti er ávallt haft að leiðarljósi og þar sem einstaklingum er ekki mismunað vegna kynferðis, aldurs, trúar, þjóðernis, kynþáttar, fötlunar, kynhneigðar eða stjórnmálaskoðunar.

Framtíðin er núna

Háskólinn í Reykjavík er einstakur háskóli sem getur brúað bilið á milli viðskipta og tækni, rökhusunar og sköpunargleði, þekkingarsköpunar og hagnýtingar.

Við viljum vera kraftmikill alþjóðlegur háskóli sem er fyrsti valkostur hér á landi og sterkur áhrifavaldur í þróun samfélagsins. Lega landsins á milli austurs og vesturs myndar krossgötur fyrir alþjóðlegt samstarf sem við munum nýta okkur til fulls.

Við höfum tækifæri til að vera fyrirmynd framsýnna háskóla ef við höfum hugrekki til að fara ótroðnar slóðir og nýta sköpunargleði okkar og frelsi til að byggja upp metnaðarfullan, þverfagleglegan háskóla án landamæra.

Gildin leiða okkur

Háskólinn í Reykjavík er skóli 21. aldarinnar; kraftmikill alþjóðlegur háskóli sem verður fyrsti valkostur þeirra sem vilja framsækni og skapandi nám og starfsumhverfi. Til þess að við náum settum markmiðum þurfum við að byggja upp og hlúa að öflugum fyrirtækjabrag sem einkennist af hugrekki til að fara ótroðnar slóðir og vilja til þess að ná stöðugt lengra.

Fyrirtækjabragur mótast af þeim gildum sem við höfum að leiðarljósi í daglegu starfi okkar. Þau lýsa hegðun og viðhorfum sem leiðbeina okkur við ákvörðunartöku og liggja til grundvallar ráðningum, framþróun og árangri sem við náum í starfi.

Við höfum **metnað** til að stefna ætíð hærra, **heilindi** til að koma hreint fram, **snerpu** til að grípa tækifærin þegar þau bjóðast og **áræðni** til að þora þegar réttu tækifærin eru í auglýn.

Gildin setja tóninn um þær væntingar sem við gerum til okkar sjálfra, samstarfsfólks og nemenda. Í Háskólanum í Reykjavík sýnum við metnað og heilindi í öllum okkar athöfnum og ákvörðunum. Við vinnum hratt og örugglega að stöðugum endurbótum með snerpu og áræðni að leiðarljósi.

Hugsum stórt og framkvæmum markvisst

Stefna okkar er skýr. Við leggjum allan metnað okkar í að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði í samfélaginu. Við störfum án landamæra með þeim bestu á okkar sviðum.

Við erum háskóli 21. aldarinnar sem hefur að leiðarljósi þarfir atvinnulífsins fyrir sérfræðiþekkingu, þverfaglega færni og samskiptaleikni í alþjóðlegu umhverfi. Með störfum okkar gerum við nemendur okkar og samstarfsaðila betur í stakk búna til að takast á við síbreytilegt og krefjandi starfsumhverfi.

Stöðug þróun námsefnis og kennsluáðferða, aukin rannsóknarvirkni og öflug tengsl við atvinnulífið auk frumkvöðlaanda skapa okkur forystu hér á landi og gera okkur kleift að verða fyrirmynd framsækinnna háskóla um allan heim. Við munum nýta staðsetningu landsins okkur til framdráttar og skapa hér miðstöð alþjóðlegs vísindasamstarfs.

Til þess þurfum við að leggja okkur fram af öllu afli og setja okkur ný viðmið um árangur. Við höfum í hendi okkar gæði vinnu okkar og þann sess sem við skipum okkur.

Skipulag skólans þarf að styðja vel við stefnu hans og taka mið af þeim breytingum sem verða. Rannsóknarstefna og vinnulag okkar í starfsmannamálum, kennslu, þjónustu og tengslum við atvinnulíf og samfélag slá tóninn fyrir dagleg störf okkar. Það er frumkvæði okkar, metnaður og hæfni til stöðugra endurbóta sem ráða hins vegar úrslitum um hversu hratt við náum settu marki.

Sex þrep hafa verið skilgreind sem grunnurinn að innleiðingu stefnu okkar til ársins 2010. Aðgerðaáætlanir deilda miða að því að kortleggja hvað við þurfum að gera næstu 12-36 mánuði til að ná settu marki.

Til að gera framtíðarsýn okkar að veruleika munum við:

- Auka rannsóknarvirkni.
- Auka gæði kennslu og innleiða framsæknari kennsluáðferðir.
- Alþjóðavæða starfsemi okkar.
- Samþætta starfsemina til að gera námið þverfaglegra.
- Byggja upp sterkara tengslanet við atvinnulífið, erlenda háskóla og vísindasamfélagið.
- Bæta enn frekar rekstur og fjárhagsstöðu okkar.

Aðgerðaráætlanirnar eru grunnur að fjárhagsáætlun okkar næstu ár. Reglulega er fylgst með framkvæmd áætlanna sem er í höndum kennsludeilda og stöðsviða.

Við höfum hugrekki til að hugsa stórt og bæta stöðugt frammistöðu okkar og framkvæmum fyrirætlanir okkar markvisst. Við berum öll ábyrgð á þeim árangri sem við náum. Framtíð Háskólans í Reykjavík er í okkar höndum.





Háskólaráð

Stjórn Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins skipa fulltrúa í háskólaráð HR. Háskólaráð markar stefnu skólans, ákveður stofnun nýrra deilda, ákvarðar inntökuskilyrði og meginstarfstilhögun. Jafnframt ákveður það skólagjöld.

Háskólaráð hefur stöðugt eftirlit með rekstri háskólans, bókhaldi og meðferð á fjármunum hans, þ.m.t. sjóðum þeim er háskólanum tilheyra. Háskólaráð staðfestir rekstrar- og fjárfestingaráætlun fyrir skólann og ársreikning hans.

Háskólaráð HR var þannig skipað árið 2007

(talið upp frá vinstri til hægri á myndinni):

Finnur Geirsson
Eggert Guðmundsson, varamaður
Sigurður B. Guðmundsson, varamaður
Jón Ágúst Þorsteinsson
Sjöfn Sigurgísladóttir
Svafa Grönfeldt (rektor HR, situr ekki í háskólaráði)
Katrín Pétursdóttir
Bjarni Ármannsson, formaður
Jón Sigurðsson
Þór Sigfússon
Á myndina vantar Kristínu Hjálmtýsdóttur, varamann.

Siðareglur Háskólans í Reykjavík



Háskólinn í Reykjavík er þekkingarsamfélag þar sem nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn vinna saman að öflun, nýsköpun og miðlun þekkingar. Í slíku samfélagi er mikilvægt að allir taki siðferðislega ábyrgð á störfum sínum. Til þess að þetta megi takast vill skólinn skapa starfsumhverfi þar sem samskipti og vinnubrögð einkennast af virðingu, heilindum, sanngirni og jafnrétti.

Markmiðið með þessum siðareglum er að stuðla að því að hegðun þeirra sem starfa innan skólans uppfylli ítrustu siðferðiskröfur sem gerðar verða innan háskóla. Reglurnar eru settar fram í 10 tölulíðum. Þær eiga það sammerkt að minna á skyldur aðila skólans í samskiptum sín á milli og vinnubrögðum. Þær má hins vegar ekki skoða sem tæmandi lýsingu á æskilegri hegðun.

1. Við virðum þá sem læra og starfa innan skólans sem einstaklinga, komum fram við þá af tillitsemi og gætum trúnaðar gagnvart þeim.
2. Við komum í veg fyrir að í HR viðgangist hvers konar óréttlæti, svo sem einelti, kynferðisleg áreitni eða mismunun byggð á óviðkomandi þáttum svo sem kynferði, aldri, trú, þjóðerni, kynþætti, fötlun eða kynhneigð.
3. Við stöndum vörð um heiður skólans og aðhöfumst ekki neitt það sem kynni að vera til þess fallið að rýra álit samfélagsins á skólanum.
4. Við vinnum öll okkar verk innan HR af heiðarleika og heilum hug og stuðlum að því með virkum hætti að aðrir geri slíkt hið sama.
5. Við leitum þekkingar af heilindum og hlutlægni, og leggjum áherslu á fagleg vinnubrögð, gagnrýna hugsun og málefnalegan rökstuðning.
6. Við gætum persónuverndar og stöndum vörð um hagsmuni þeirra sem taka þátt í rannsóknum okkar.
7. Við virðum fræðilegt sjálfstæði, vinnum ávallt samkvæmt eigin sannfæringu og látum hagsmunatengsl ekki hafa áhrif á niðurstöður okkar.
8. Við virðum hugverkaréttindi, eignum okkur ekki heiðurinn af hugmyndum annarra, og getum ávallt þeirra heimilda sem við notum, í samræmi við venjur vísindasamfélagsins.
9. Við gætum þess að vera málefnaleg og sanngjörn í umsögnum, endurgjöf og ummælum um aðra innan skólans.
10. Við erum virkir þátttakendur í starfi og þróun skólans og lítum á það sem skyldu okkar að miðla upplýsingum sem geta orðið til þess að bæta starf skólans.

Skipulag Háskólans í Reykjavík

Skipulaginu er ætlað að styðja stefnu skólans. Á næstu misserum er markmiðið að auka rannsóknarvirgni og auðvelda samþættingu til að efla nýsköpun í kennslu, þverfaglega námsframboð og skilvirkni í rekstri.

Kjarninn í starfsemi HR er kennsla, rannsóknir og tengsl við atvinnulífið.


Allar deildir hafa að markmiði að taka upp framsæknari kennsluaðferðir, auka rannsóknarvirgni og styrkja tengslanet sitt. Hver deild einbeir sér að framþróun á sínu sviði til að tryggja gæði náms og trausta sérfræðipækkingu. Til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir þverfaglega þekkingu og skapa HR sérstöðu, skipuleggja deildir sameiginlegar námsbrautir, verkefni og námskeið sem í boði verða hverju sinni. Myndræn framsetning skipulagsins undirstrikar kjarnastarfsemi okkar og þverfaglega áherslu skólans.

Stjórnskipulag Háskólans í Reykjavík er flatt þar sem áhersla er lögð á akademískt frelsi deilda og ábyrgð þeirra á gæðum náms og rannsóknarstarfsemi sem og rekstrarafkomu.

Háskólaráð er skipað fulltrúum eigenda HR og koma þeir frá Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Samtökum iðnaðarins. Háskólaráð HR markar stefnu háskólans, stofnun nýrra deilda, ákvarðar inntökuskilyrði og meginstarfstílhögun skólans. Jafnframt ákveður það skólagjöld. Háskólaráð hefur eftirlit með rekstri skólans, bókhaldi og meðferð á fjármunum hans, þ.m.t. sjóðum þeim er háskólanum tilheyrir. Háskólaráð staðfestir rekstrar- og fjárfestingaráætlun fyrir skólann og ársreikning hans. Háskólaráð ræður rektor HR, ákveður laun hans og önnur starfskjör.

Rektor kemur fram fyrir hönd skólans, annast daglegan rekstur hans og ber ábyrgð á rekstrinum gagnvart háskólaráði. Rektor situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt, nema háskólaráð ákveði annað um einstaka fundi. Rektor leggur árlega fram fjárhagsáætlun HR fyrir háskólaráð til staðfestingar. Rektor ræður forseta deilda og aðra lykilstarfsmenn háskólans.

Deildir Háskólans í Reykjavík eru fimm. **Kennslufræði- og lýðheilsudeild, lagadeild, tækni- og verkfræðideild, tölvunarfræðideild** og **viðskiptadeild**. Deildunum er stýrt af **deildarforsetum** sem heyra undir rektor. Forseti deilda fer með faglega stjórn hennar og rekstrar- og fjárhagslega ábyrgð gagnvart rektor og skal eiga frumkvæði að mótun stefnu fyrir deildina. Hann ræður kennara og aðra starfsmenn til deildarinnar og prófessora í samráði við rektor.



Deildarforsetar skulu jafnframt fylgja viðurkenndu vinnulagi skólans við ákvarðanatöku um starfsmannaval og framgang akademískra starfsmanna. Forseti deilda gerir fjárhagsáætlun fyrir viðkomandi deild sem lögð skal fram til afgreiðslu í framkvæmdastjórn HR sem hluti af heildarfjárhagsáætlun háskólans.

Framkvæmdastjórn HR skal skipuð rektor sem er formaður framkvæmdastjórnar, forsetum deilda, forseta vísindaráðs og öðrum lykilstarfsmönnum samkvæmt ákvörðun rektors. Rektor skal setja framkvæmdastjórn reglur þar sem kveðið skal á um hlutverk hennar og starfshætti.

Vísindaráð stuðlar að aukinni rannsóknarvirgni með hvatningu og stuðningi við rannsóknarstarf skólans, hönnun ferla sem lúta að rannsóknarstarfi og þátttöku í fjármögnun rannsóknarverkefna. Hver deild skipar fulltrúa sinn í Vísindaráð eitt akademískt ár í senn. Forseti ráðsins heyrir undir rektor og starfar með deildarforsetum að markvissri innleiðingu rannsóknarstefnu HR.

Starfsmenn Háskólans í Reykjavík

Um 60 nýir starfsmenn voru ráðnir til starfa við HR á árinu 2007, og voru þar á meðal um 20 doktorsmenntaðir einstaklingar sem komu í nýjar akademískar stöður við skólann. Yfir 400 einstaklingar tóku þátt í starfi skólans á árinu 2007, margir sem stundakennarar, en stöðugildi voru um 250. Um 10% starfsmanna eru útlandingar, og í kennaraliðinu á árinu 2007 voru einstaklingar af alls 23 þjóðernum.

Stöðugildi fastra starfsmanna sem starfa eingöngu við kennslu og rannsóknir voru um 115 á árinu 2007, þar af voru rúmlega 70 í akademískum framgangsstöðum, en það eru stöður lektora, dósentna og prófessora sem eru háð formlegu ytra mati á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi. Í lok árs voru 64% akademískra starfsmanna með doktorspróf. Starfsmenn í akademískum framgangsstöðum birtu að meðaltali tvær ritrýndar greinar á árinu og öfluðu að meðaltali rúmlega 1,2 milljóna króna í sjálfsaflafé til rannsókna.

Starfsmenn HR eru almennt mjög ánægðir með vinnustaðinn, sem sést á könnun sem gerð var meðal allra starfsmanna haustið 2007 og sýndi að 95% sögðust vera mjög eða frekar ánægðir í starfi.

Lykilstarfsmenn HR árið 2007

Í ársbyrjun lét **dr. Guðfinna S. Bjarnadóttir** af störfum sem rektor, en þeirri stöðu hafði hún gegnt frá stofnun skólans, haustið 1998. Við stöðu hennar tók **dr. Svafa Grönfeldt**, sem áður gegndi stöðu aðstoðarforstjóra Actavis.

Aðrir helstu lykilstarfsmenn skólans árið 2007 voru:

- **Forseti kennslufræði- og lýðheilsudeildar:**
Dr. Inga Dóra Sigfúsdóttir.
- **Forseti lagadeildar:** Þórður S. Gunnarsson.
- **Forseti tækni- og verkfræðideildar:**
Dr. Gunnar Guðni Tómasson (tók við stöðunni af dr. Bjarka Brynjarssyni um miðbik ársins).
- **Forseti tölvunarfræðideildar:** Dr. Ari Kristinn Jónsson (deildin var stofnuð að nýju sem sjálfstæð deild eftir að hafa um 2ja ára skeið verið hluti tækni- og verkfræðideildar).
- **Forseti viðskiptadeildar:** Dr. Þorlákur Karlsson.
- **Framkvæmdastjóri nýsköpunar- og þróunarsviðs:**
Þorkell Sigurlaugsson.
- **Framkvæmdastjóri mannauðs og gæða:**
Dr. Ásta Bjarnadóttir.
- **Framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar:**
Runólfur Birgir Leifsson.
- **Formaður Vísindaráðs HR:**
Dr. Einar Steingrímsson.
- **Forstöðumaður MBA-náms:** Aðalsteinn Leifsson.
- **Forstöðumaður Símenntar:** Þór Clausen.



Rektorarnir Guðfinna Bjarnadóttir og Svafa Grönfeldt við rektorsskiptin.


- **Forstöðumaður Stjórnendaskólans:**
Dagný H. Pétursdóttir.
- **Forstöðumaður alþjóðaskrifstofu:** Dr. Margrét Jónsdóttir (tók við því starfi um miðbik ársins af Björgu Birgisdóttur, þegar alþjóðaskrifstofu og námsráðgjöf var skipt upp).
- **Forstöðumaður bókasafns og upplýsingaþjónustu:**
Guðrún Tryggvadóttir.
- **Forstöðumaður fjármálasviðs:** Jóhann Hjartarson.
- **Forstöðumaður kennslu- og þjónustusviðs, Höfðabakka:** Þóra Ragnheiður Stefánsdóttir.
- **Forstöðumaður kennslu-, tölvu- og tæknisviðs:**
Steinn Jóhannsson.
- **Forstöðumaður markaðssviðs:**
Jóhann Hlíðar Harðarson.
- **Forstöðumaður Stúdentþjónustu HR:**
Sigríður Hulda Jónsdóttir (tók við því starfi um miðbik ársins af Björgu Birgisdóttur, þegar alþjóðaskrifstofu og námsráðgjöf var skipt upp).
- **Forstöðumaður þjónustu- og rekstrarsviðs:**
Kristín Hulda Sverrisdóttir.

Nemendur HR 2007

Haustið 2007 stunduðu 2.846 nemendur nám við Háskólann í Reykjavík. Fjöldi nemenda hafði aldrei verið meiri og var boðið upp á nám í fimm deildum: Lagadeild (LD), viðskiptadeild (VD), tækni- og verkfræðideild (TVD), tölvunarfræðideild (TD) og kennslufræði- og lýðheilsudeild (KLD).

Fjölmennasta háskóladeildin var VD með 989 nemendum. Hlutfall HR-inga af heildarfjölda háskólastúdenta á Íslandi var 16%. Það er athyglisvert að karlmenn eru hlutfallslega fleiri í HR en öðrum háskólum, en hlutfall HR-inga af heildarfjölda háskólastúdenta á Íslandi er 23% meðal karla.

HLUTFALL NEMENDA Í HR EFTIR DEILDUM




Stærsta deild skólans er viðskiptadeild með rúmlega 35% nemenda. Nemendum annarra deilda á þó eftir að fjölga meira þar sem þær eru að auka við námsframboð sitt á meistarastigi.

Þegar tegund náms er skoðuð kemur í ljós að 82% nemenda voru í staðarnámi, 11% í HMV (háskólanám með vinnu) og 7% í fjarnámi. HMV er bundið við VD, TD og TVD og fjarnám er aðeins í boði í TVD og TD. Þess má geta að fjarnám hefur verið í boði við skólann frá 1998.

Ef alursdreifing nemenda er skoðuð kemur í ljós að stærstur hluti nemenda er undir 25 ára eða 33%. Það sem vekur athygli er að meðalaldur nemenda er u.þ.b. 30 ár. Eldri nemendum hefur fjölgað jafnt og þétt vegna aukins framboðs í meistaranámi.

ALDURSDREIFING NEMENDA HR




Fjöldi nemenda í HR 2007

Kyn	VD	TD	TVD	LD	KLD	Frumgr.svið	Samtals
KK	394	247	596	123	52	87	1499
KVK	595	79	277	215	122	59	1347
Samtals	989	326	873	338	174	146	2846

Í þremur deildum eru konur í meirihluta: VD, LD og KLD. Þar sem tæknigreinar eru ráðandi eru karlmenn í meirihluta. Ef hlutfall karla og kvenna er skoðað eftir deildum er niðurstaðan eftirfarandi:

HLUTFALL KARLA OG KVENNA Í HR EFTIR DEILDUM



Karlar eru í meirihluta eða 53% á móti 47% konum. Það er athyglisvert í ljósi þess að á landsvísi er hlutfall karla í háskólanámi 1/3 móti 2/3 konur.



Umsóknir

Fjöldi umsókna um nám í HR var langt umfram væntingar. Rúmlega 2100 umsóknir bárust um nám við skólann og er það metaðsókn. Ef kyn umsækjenda er skoðað kemur í ljós að 54% umsækjenda voru karlar og 46% konur. Fjöldi umsókna frá konum hefur aukist ár frá ári og hefur aldrei verið meiri.

Fjöldi umsókna í HR 2007

Kyn	KLD	TD	LD	VD	TVD	Frumgr.svið	Samtals
KK	49	140	113	372	386	94	1154
KVK	118	50	147	417	163	68	963
Samtals	167	190	260	789	549	162	2117

Sú námsleið/braut sem naut mestra vinsælda var nám til BSc-prófs í viðskiptafræði en þar bárust 268 umsóknir. Til viðbótar þessum fjölda sóttu 149 um að stunda HMV-nám til BSc-prófs í viðskiptafræði. Fast á hæla viðskiptafræðinnar fylgdi BA-nám í lögræði með 182 umsóknir.


Fjöldi nýnema

Rúmlega 1100 nýnema innrituðust á rúmlega 40 námsbrautir haustið 2007. Mestur fjöldi nýnema í háskóladeild var innritaður í viðskiptadeild eða vel á fimmta hundrað nemenda.

Flestar námsbrautir voru í boði í TVD eða 15 talsins á meðan færstar voru í boði í LD eða tvær. Í VD var í boði nám á fimm brautum á meistaranámsbrautir en í öllum deildum HR er alls boðið upp á 15 meistaranámsbrautir.

Hvaðan koma nemendur HR?


Nemendur HR komu úr tæplega 70 bæjar- og sveitarfélögum. Auk þess búa fjölmargir nemendur erlendis sem stunda fjarnám við skólann. Flestir nemenda komu úr Reykjavík eða 1333 nemendur. Skiptingin var annars eftirfarandi:



Fjöldi útskriftarnemenda 2007

Árið 2007 útskrifaði Háskólinn í Reykjavík 678 nemendur. Flestir nemendur útskrifuðust með BSc-gráðu í viðskiptafræði eða 192 nemendur. Alls útskrifaði skólinn nemendur af 43 námsbrautum. Stærstur hluti útskriftarnemenda kom úr viðskiptadeild eða 287 talsins.

FJÖLDI ÚTSKRIFTARNEMENDA 2007





Tækni- og verkfræðideild

Kennsla og gráður

Innan tækni- og verkfræðideildar var kennt í grunnnámi til Diplóma- og BSc-gráðu og í framhaldsnámi til MSc-gráðu. Deildin skiptist í fimm fagsvið, byggingar- og véltækisvið, fjármála- og rekstrarsvið, heilbrigðisæknisvið, hátækni- og rafmagnssvið og frumgreinasvið.

Tölvunarfræðideild HR var gerð að sjálfstæðri einingu vorið 2007 en fram að þeim tíma tilheyrði hún tækni- og verkfræðideild. Innan tölvunarfræðideildar er kennsla í tölvunarfræði, stærðfræði, kerfisfræði auk hugbúnaðarverkfræði í samstarfi við tækni- og verkfræðideild.

Í geislafræði og lífeindafræði var kennt til BSc-gráðu og er námið 120 einingar (240 ECTS). Gerður hefur verið samningur um flutning þessara námsbrauta til Háskóla Íslands og hætt er að taka nemendur inn í þær. Í iðnfræði var kennt til Diplóma-gráðu í byggingariðnfræði, rafiðnfræði og véliðnfræði. Námið er 45 einingar (90 ECTS). Að loknu iðnfræðinámi er boðið upp á 15 eininga (30 ECTS) nám í rekstrariðnfræði. Öll kennsla í iðnfræði fór fram í fjarnámi.

Í tæknifræði var kennt til BSc-gráðu í byggingartækni-fræði, vél- og orkutækni-fræði, rafmagnstækni-fræði, iðnaðar-

tækni-fræði og tölvu- og upplýsingatækni-fræði. Námslengd er 105 einingar (210 ECTS). Ekki er lengur tekið við nemendum inn í tvær síðasttöldu námslínurnar og verður kennsla þar hætt eftir að núverandi nemendur útskrifast.

Í verkfræði var kennt til 90 eininga BSc-gráðu (180 ECTS) í fjármálaverkfræði, rekstrarverkfræði, heilbrigðisverkfræði, hátækni-verkfræði og hugbúnaðarverkfræði (í samstarfi við tölvunarfræðideild).

Boðið var upp á nám til meistaragráðu í byggingarverkfræði á eftirfarandi sviðum: Framkvæmdafræði, umferð og skipulag, steinsteyputækni og mannvirkjahönnun. Nemendur sem hafa annan bakgrunn en BSc-próf í verkfræði eiga kost á að útskrifast með meistaraþróf á sumum þessara sérsviða. Meistaránámið er skipulagt sem 45-60 eininga nám. Unnið var að undirbúningi meistaránáms á fleiri sviðum verkfræðinnar á árinu.



Við tækni- og verkfræðideild var í boði nám í frumgreinum. Markmið náms á frumgreinasviði er fyrst og fremst að undirbúa nemendur undir frekara nám á háskólastigi með sérstaka áherslu á nám við tækni- og verkfræðideild. Að auki býður deildin upp á námsbrautir í matstækni. Matstækni er hagnýtt og sérhæft nám sem er sniðið fyrir sérfræðinga og þá sem hafa hug á að starfa á sviði tjónamats fasteigna, fasteignamats vegna viðhalds, lánshæfismats vegna fasteignaviðskipta og fleira.

Í september öðlaðist HR viðurkenningu menntamálaráðherra á kennslu- og rannsóknarstarfi í verk- og tæknivísindum. Viðurkenningin nær til þeirra námsbrauta sem kenndar eru við tækni- og verkfræðideild og tölvunarfræðideild HR. Viðurkenningin byggir á úttekt erlendra sérfræðinga sem menntamálaráðuneytið fékk til að vinna að viðurkenningarferlinu. Í greinargerð sérfræðinganna kemur skýrt fram hversu miklu HR hefur áorkað á skömmum tíma, bæði í kennslustarfi og rannsóknum og lýst er yfir aðáun á þeirri fagmennsku sem ríkir við HR og þeim gæðakröfum sem þar eru gerðar, sérstaklega í ljósi þess hversu ungur háskólinn er.

Rannsóknir

Rannsóknir eru mikilvægur þáttur í starfsemi tækni- og verkfræðideildar sem undirstaða kennslu og til sjálfstæðrar þekkingarleitar. Með stórauðnu framhaldsnámi og ráðningu fleiri akademískra starfsmanna með rannsóknarskyldu munu rannsóknir aukast verulega við deildina á næstu misserum.

Á árinu 2007 voru auglýstar alþjóðlega lausar stöður akademískra starfsmanna á öllum sviðum verkfræðinnar sem kennd eru við tækni- og verkfræðideild auk staða í tækni-fræði. Gengið var frá ráðningu alls sex nýrra akademískra starfsmanna á árinu 2007.

Innan tækni- og verkfræðideildar er starfrækt eitt rannsóknarsetur, orkurannsóknarsetur. Stefnt er að stofnun fleiri rannsóknarsetra við deildina. Rannsóknir eru unnar í samstarfi við ýmsa aðila innan Háskólans í Reykjavík, við aðra háskóla á Íslandi og erlendis, við innlandar og erlendar rannsóknarstofnanir og fyrirtæki.



„Að takast á hendur háskólanám eftir að hafa verið lengi á vinnnumarkaðnum líkt og ég gerði er stór ákvörðun. Ég ákvað því áður en ég hóf nám að nýju að gera miklar kröfur til þess skóla sem yrði fyrir valinu. Menntunin sem ég tæki með mér úr skólanum yrði að vera sú besta sem völ væri á og myndi gefa mér mikla og víðtæka möguleika í atvinnulífinu.“

Grettir Adolf Haraldsson, á 3. ári í byggingartæknifræði.



Tengsl við atvinnulífið

HR er í eigu íslensks atvinnulífs og rík áhersla er lögð á tengsl við atvinnulífið í starfsemi tækni- og verkfræðideildar. Fjöldmörg nemendaverkefni og rannsóknarverkefni eru unnin í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir og umtalsverður fjöldi stundakennara úr atvinnulífinu kennir við deildina.

HR og Lagnakerfamiðstöð Íslands hafa gert með sér samning sem hefur það að markmiði að tryggja áframhaldandi rekstur og uppbyggingu Lagnakerfamiðstöðvar Íslands, auka nýtingu hennar og þróa ný áherslusvið í starfseminni. Í þessu skyni mun HR sjá um allan rekstur, fasteignir og tækjabúnað stofnunarinnar frá og með 1. janúar 2007, sem og að þjóna skólum landsins við uppbyggingu kennslu í lagnatækni og endurmenntun lagnamanna í atvinnulífinu. Á árinu voru unnar hugmyndir um breytta nýtingu aðstöðu LKÍ með það að markmiði að styrkja rekstrarforsendur stöðvarinnar og nýta húsnæði hennar og aðstöðu jafnt fyrir kennslu og rannsóknir á lagnasviði sem og kennslu og rannsóknir á orkusviði og sem vélsmiðju.

HR hefur umsjón með nýjum samstarfssamningi Massachusetts Institute of Technology (MIT) við íslenskt atvinnulíf, sem felur í sér aðgang að víðtæku samstarfi, rannsóknum, fyrirlesurum, ráðstefnum, þekkingu og færni MIT eftir þörfum, markmiðum og óskum íslenskra fyrirtækja sem taka þátt í samstarfinu.

Orkuskóli

Á árinu var unnið að undirbúningi stofnunar orkuskóla í samvinnu við Háskóla Íslands og Orkuveitu Reykjavíkur þar sem boðið verður upp á alþjóðlegt nám í vistvænni orkuframleiðslu og -nýtingu. Þar verður aðaláhersla lögð á þau svið þar sem Íslendingar hafa samkeppnisforskot en námið víkkað út eftir því hvar það reynist standa styrkustum fótum. Áhersla verður lögð á rannsóknartengt meistaranám og doktorsnám auk styttri námsbrauta og símenntunar.

Ráðgjöf frá MIT

Til þess að tryggja hámarksgæði í kennslu og rannsóknum fékk deildin hóp prófessora við MIT til ráðgjafar um uppbyggingu meistaranáms í verkfræði. Stofnaðir voru vinnuhópar um hvert þeirra sviða verkfræðinnar þar sem boðið er upp á námsbrautir við deildina þar sem saman komu nokkrir starfsmenn MIT og starfsmenn tækni- og verkfræðideildar á viðkomandi sviði. Hafinn var undirbúningur að vinnufundum hópanna sem haldnir verða í Boston á árinu 2008.

Lagadeild

Kennsla og gráður

Haldið var upp á 5 ára afmæli lagadeildar HR haustið 2007. Lagadeildin hefur vaxið og eflst með ótrúlegum hraða á þessum fimm árum. Á fyrsta ári hennar stundaði 81 nemandi nám við deildina en 365 árið 2007. Tímamót urðu í sögu deildarinnar þann 9. júní 2007 þegar 43 nemendur brautskráðust með meistarapróf frá deildinni. Af þeim höfðu 39 lokið bæði BA- og meistaránámi í lögfræði (fullnaðarprófi) en 4 útskrifuðust með aðra formenntun en BA-próf í lögfræði.

Við lagadeild HR er hægt að stunda bæði grunnnám til BA-gráðu og framhaldsnám til meistaragráðu (ML). Í grunnnáminu er lögð höfuðáhersla á að veita nemendum trausta undirstöðu í aðferðafræði og yfirgripsmikla þekkingu í öðrum höfuðgreinum lögfræðinnar. Kennsla fer að hluta fram í fyrirlesturum og raunhæfum verkefnum en einnig í formi vinnu- og umræðufunda.

Í meistaránáminu einkennist námið af miklu persónulegu vali um áherslur og námsleiðir og gefur m.a. möguleika á sérhæfingu innan lögfræðinnar og samþættingu við aðrar háskólagreinar en lögfræði. Meistaránámið miðar að sérhæfingu og er rannsóknartengt. Einn megintilgangur þess er að hvetja nemendur og þjálfar til greinandi og gagnrýnnar hugsunar og vísindalegra vinnubragna á grundvelli einstaklingsbundinnar námsáætlunar.

Fjöldi námskeiða var í boði innan meistaránámsins en sérstök áhersla var lögð á að bjóða námskeið og málstofur á sviði:

- a) Alþjóðalaga og alþjóðaviðskipta.
- b) Dómstóla og málflutnings.
- c) Fjármunaréttar.

Lögrétta - félag laganema

Í byrjun árs 2007 var sett af stað samstarfsverkefni Lögréttu, lagadeildar Háskólans í Reykjavík og Alþjóðahúss um ókeypis lögfræðiaðstoð fyrir innflytjendur og fólk af erlendum uppruna. Á árinu komu út þrjú tölublöð af tímaritinu Lögrétta sem er vandað ritrynt fræðirit á sviði lögfræði.



Erlend stúdentaskipti - námsferðir nemenda.

Nemendum stendur til boða að ljúka hluta námsins, allt að 30 einingum, við erlenda háskóla, á grundvelli nemendaskiptasamninga eða á öðrum forsendum og þá að fengnu samþykki lagadeildarinnar. Ennfremur hefur laganemum staðið til boða að taka starfsnám á erlendum lögmannsstofum svo sem í Jersey, London og Brussel.

Lagadeild HR er aðili að **NORDPLUS** nemendaskiptaáætlun Norðurlanda, sem gerir nemendum kleift að sækja nám til háskóla á Norðurlöndum skv. þeim reglum sem um slík nemendaskipti gilda á hverjum tíma. Þá hefur lagadeild HR gert nemendaskiptasamninga við eftirtalda háskóla utan Norðurlanda: Management Center of Innsbruck, Universitát Salzburg, Universitæt Leiden, Kyushu University Japan og University of Johannesburg. Auk þess liggur fyrir samningur við Moscow State Law Academy. Nemendur í Evrópurétti á 2. ári fara árlega í námsferð til Brussel, þar sem heimsóttar eru stofnanir Evrópusambandsins, EFTA, Eftirlitsstofnun EFTA og fastanefnd Íslands gagnvart Evrópusambandinu. Nemendur í meistaránámi heimsóttu Mannréttindadómstólinn í Strassborg og Alþjóðaglæpadómstólinn í Haag.



„Lagadeildin býður upp á framúrskarandi og krefjandi nám. Kennarar deildarinnar gera kennsluna líflega og draga fram áhugaverð álitæfni í tímum þar sem nemendur taka þátt í umræðum. Leitast er eftir að tengja námsefnið við áhugaverð málefni líðandi stundar. Samnemendur mynda skemmtilegan kjarna sem gerir vinnuumhverfið afar hvetjandi.“

Lilja Björk Guðmundsdóttir, laganemi á 3. ári.



Rannsóknir

Lagadeild HR var leiðandi í lögfræðirannsóknum á Íslandi árið 2007. Niðurstöður rannsókna kennara deildarinnar birtust í þrettán ritrýndum greinum og bókarköflum og þremur bókum.

Lagadeildin hlaut styrk úr 7. rannsóknaráætlun Evrópusambandsins og nemur upphæðin 1,4 milljónum evra. Þórdís Ingadóttir dósent við lagadeild stýrir verkefninu í heild. Verkefnið ber heitið: Impact of International Criminal Procedures on Domestic Criminal Procedures in Mass Atrocity Cases.

JPV útgáfa og Háskólinn í Reykjavík sendu frá sér bókina „Almannatryggingar og félagsleg aðstoð“ eftir Guðmund Sigurðsson og Ragnhildi Helgadóttur, prófessora við lagadeild. Þau fengu styrk úr Rannsóknarsjóði til rannsóknarinnar sem birtist að hluta til í bókinni. Að rannsókninni stóðu einnig Tryggingastofnun ríkisins og sérfræðingar hennar. Þá fengu þau styrk frá Nordforsk til að undirbúa norrænt framhald rannsóknarinnar.

Davíð Þór Björgvinsson, prófessor við Háskólann í Reykjavík og dómari við Mannréttindadómstól Evrópu í Strassborg, sendi frá sér ritið „Lögskýringar- kenningar, aðferðir og sjónarmið við skýringu og beitingu laga“. JPV útgáfa gaf ritið út.

Stofnanir á vegum lagadeildar HR:

Evrópuréttarstofnun HR

Markmið EHR er að auka rannsóknir á sviði Evrópuréttar hér á landi og stuðla að faglegri umræðu um stöðu Íslands í samfélagi Evrópuþjóða. Meginhlutverk stofnunarinnar er að efla tengsl rannsókna og kennslu á sviði Evrópuréttar og Evrópumála, einkum með þátttöku nemenda í rannsóknarvinnu við stofnunina. EHR veitir því nemendum í framhaldsnámi faglegan stuðning og aðstoðu til eigin rannsókna. Forstöðumaður er Peter Chr. Dyrberg, aðjúnkt við lagadeild.

Miðstöð Evrópuupplýsinga - EU i

Miðstöð Evrópuupplýsinga í Háskólanum í Reykjavík er hluti af upplýsingastefnu Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, „EU in the World“. Miðstöðin er möskvi í upplýsinganeti í löndum utan sambandsins. Hún er sú eina sinnar tegundar á Íslandi og hefur verið starfrækt síðan 2003 undir merkjum European Documentation Centre - EDC, nú EU i. Hlutverk EU i er að stuðla að kennslu, hvetja til rannsókna og gera upplýsingar frá ESB aðgengilegar, bæði í háskólasamfélaginu og annars staðar. Miðstöð Evrópuupplýsinga tekur þátt í umræðunni um Evrópusambandið þar sem það á við. Umsjón með EU i í HR hefur Þóra Gylfadóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur.



Heimsókn í lagadeild. Þórður S. Gunnarsson deildarforseti ásamt Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra.

Fjármálaréttarstofnun HR

Markmið Fjármálaréttarstofnunar er að vera vettvangur rannsókna og umræðu á sviði löggjafar um slíka þjónustu, í því skyni að efla þekkingu og áhuga á sviðinu og styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Hlutverk stofnunarinnar er að efla rannsóknir og kennslu í fjármálaþjónusturétti, auka samstarf við innlenda og erlenda rannsóknaraðila, gefa út og kynna niðurstöður rannsókna og annars fræðsluefnis auk þess að veita fræðslu og ráðgjöf um fjármálaþjónustulöggjöf.

Auðlindaréttarstofnun HR

Stofnuninni er ætlað að vera vettvangur fyrir fræðilegar rannsóknir á réttarreglum sem varða hagnýtingu og vernd náttúruauðlinda, vera miðstöð þekkingar og fræðslu um auðlindarétt og veita þjónustu og ráðgjöf um lagaleg atriði á því sviði. Forstöðumaður er Guðrún Gauksdóttir, dósent við lagadeild.

Tengsl við atvinnulíf

Hluti af meistaranámi við lagadeild Háskólans í Reykjavík getur farið fram í viðurkenndu starfsnámi og getur nemandi fengið allt að 6 einingar metnar í meistaranámi á grundvelli starfsnámssamninga lagadeildarinnar og einstakra stofnana og fyrirtækja. Það skilyrði er sett í reglum um starfsnám að nemandi vinni undir eftirliti umsjónaraðila að lögfræðilegu verkefni eða verkefnum sem séu sannarlega til þess fallin að auka þekkingu hans í lögfræði og hæfni til að vinna að úrlausn lögfræðilegra verkefna.

Lagadeild HR er með starfsnámssamninga við eftirtaldir stofnanir og fyrirtæki: Dómsmálaráðuneytið, Einkaleyfastofuna, Glitni, Héraðsdóm Reykjaness, Héraðsdóm Reykjavíkur, ICEBANK (Sparisjóðabanki Íslands), Kaupþing banka hf., Landsbanka Íslands hf., Lex-Nestor lögmannsstofu, LOGOS

lögmannsþjónustu, Póst- og fjarskiptastofnun, Samkeppnisstofnun, Sjóvá-Almennar Tryggingar hf., Skattransóknarstjóra ríkisins, Straum - Burðarás Fjárfestingarbanka hf., Umhverfisráðuneytið og Utanríkisráðuneytið.

Kennarar lagadeildar unnu margvísleg lögfræðileg verkefni fyrir fyrirtæki og stofnanir, þ.á.m. ríkisfyrirtæki og ráðuneyti. Þessi verkefni eru af margvíslegum toga og má þar nefna lögfræðilegar álitstærðir og undirbúning lagasetninga. Þá er ástæða til að nefna í þessu sambandi að við lagadeild starfa margir stundakennarar sem flestir starfa jafnframt fyrir einkafyrirtæki eða opinbera aðila.

Á vegum deildarinnar eru á hverju ári fluttir fyrirlestrar og haldnar ráðstefnur bæði af erlendum og innlendum sérfræðingum og fræðimönnum, sem sérstaklega eru ætlaðar fyrirtækjum og stofnunum þar sem krufin eru til mergjar ýmis lögfræðileg álitæfni er þýðingu hafa fyrir atvinnulífið. Haustið 2007 stóðu lagadeild HR og Mannréttindaskrifstofa Íslands fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fatlanir. Fjöldi þekktra fræðamanna flutti erindi á ráðstefnunni og um 160 innlendir og erlendir gestir sóttu hana. Safn fræðigreina fyrirlesara verður gefið út 2008.



„Það skemmtilegasta við stærðfræðina er hversu fjölbreytt námið er. Þó svo stærðfræðin sé frekar einstaklingsbundið nám er reynt að leggja mikið upp úr hópavinnu sem gerir það að verkum að nemendur kynnast betur og sífellt skemmtilegra verður að mæta í skólann.“

Auður Anna Jónsdóttir, á 1. ári í stærðfræði.



Kennslufræði- og lýðheilsudeild

Kennsla og gráður

Kennslufræði- og lýðheilsudeild tók til starfa við Háskólann í Reykjavík haustið 2005. Stofnun deildarinnar opnaði nýja og metnaðarfulla sýn á menntun kennara og annars fagfólks, sem sinnir þekkingu og þroska barna og ungmenna.

Deildin bauð upp á fimm námsmöguleika:

- Grunn nám í stærðfræði.
- Grunn- og meistaranám fyrir verðandi kennara sem vilja verða framúrskarandi í kennslu stærðfræði og raungreina.
- Meistaránám í lýðheilsufræðum, sem ætlað er þeim sem vilja vinna að stjórnun og stefnumótun í lýðheilsu, skipulagningu og útfærslu lýðheilsuverkefna, eða við rannsóknir, hvort sem er innan stofnana og fyrirtækja, á vegum ríkis og sveitarfélaga. Námið nýtist jafnframt vel þeim sem hyggjast vinna með börnum og ungmennum í skipulögðu starfi á vettvangi.
- Meistaránám fyrir verðandi kennara, sem vilja leggja áherslu á lýðheilsu í starfi sínu innan skóla.
- Grunn nám í íþróttufræðum fyrir verðandi íþróttakennara og þjálfara þar sem meðal annars er lögð áhersla á mikilvægi íþróttanna í heilsuefningu og forvörnum.

Deildin er mótuð og skipulögð í ríku samstarfi við skóla sem standa framarlega í kennslu og rannsóknum á sviði



lýðheilsu og kennslufræða, má þar nefna Columbia háskóla í New York, Penn State háskóla í Pennsylvaníu, Karolinska Institute í Stokkhólmi, Nordic School of Public Health í Gautaborg, King's College í London o.fl. Fræðimenn frá þessum háskólum eru meðal þeirra sem kenna og stunda rannsóknir við deildina.

Framtíðarsýn deildarinnar er að verða framúrskarandi kennslu- og rannsóknarsetur þar sem nemendur hljóta fyrsta flokks fagmenntun. Áhersla verður lögð á rannsóknarmiðað nám. Nemendur vinna raunhæf og krefjandi verkefni og hljóta jafnframt þjálfun til forystu og stjórnunar á sviði kennslu og lýðheilsu.



„Mér finnst frábært hvað kennararnir eru skemmtilegir og áhugasamir. Það er lagður mikill metnaður í að finna góða kennara til að kenna námskeiðin.“

Sólrún Dröfn Björnsdóttir á 1. ári í kennslufræði.



Tengsl við atvinnulífið

Hluti námsins er skipulagður í öflugu starfsnámi, þar sem nemendum býðst að kenna við valda grunn- og framhaldsskóla, undir leiðsögn leiðbeinanda frá HR í samstarfi við reynda kennara í viðkomandi skólum. Þá gefst nemendum kostur á að vinna verkefni í samstarfi við fyrirtæki, stofnanir, aðrar deildir HR og erlenda háskóla.

Rannsóknarmiðstöð kennslufræði- og lýðheilsudeildar

Við kennslufræði- og lýðheilsudeild er starfrækt rannsóknarmiðstöðin Rannsóknir & greining. Markmið R&G er að sinna þekkingarsköpun og útbreiðslu þekkingar á málefnum barna og ungs fólks. Þar hafa kennarar og nemendur aðgang að stórum gagnagrunni sem byggður hefur verið upp á undanförunum árum og hefur að geyma upplýsingar um fjölmarga þætti er varða ungt fólk á Íslandi. Á meðal þess eru viðamikl- ar upplýsingar um námsárangur barna og ungmenna, líðan í skóla og aðra námstengda þætti, svo og upplýsingar um ýmsa þætti er tengjast lýðheilsu í víðu samhengi. Niðurstöður rannsókna birtast í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum en einnig í skýrslum og bókum. Hér á landi hafa þær verið nýttar sem grundvöllur stefnumótunar í málefnum barna og ungl- inga. Rannsóknir R&G eru þverfaglegar. Þannig er leitast við að virkja samstarf við rannsóknarfólk í öðrum deildum skól- ans sem og í öðrum háskólum hér heima og erlendis.

Tölvunarfræðideild

Tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík, sem um tíma var hluti af tækni- og verkfræðideild, var aftur gerð að sjálfstæðri einingu vorið 2007. Hlutverk deildarinnar er að annast kennslu og stunda rannsóknir í tölvunarfræði, stærðfræði, hugbúnaðarverkfræði og skyldum greinum.

Kennsla og gráður

Í grunnnámi er boðið upp á fjórar gráður: Diplómagráðu í kerfisfræði, BSc-gráðu í tölvunarfræði, BSc-gráðu í stærðfræði og BSc-gráðu í hugbúnaðarverkfræði. Diplómagráðan er 120 ECTS einingar og tekur því tvö ár á fullum hraða. BSc-gráðurnar eru 180 ECTS einingar og taka því þrjú ár.

Í öllum greinum er lögð áhersla á hágæða kennslu og jafnvægi milli styrkrar fræðilegrar undirstöðu og hagnýtrar þekkingar á nýjustu tækni. Í kerfisfræði er einnig boðið upp á fjarnám og háskólanám með vinnu. Þeim sem búa utan höfuðborgarsvæðisins og þeim sem eru í vinnu er þannig gefið tækifæri til að afla sér framúrskarandi menntunar í tölvutækni. Hugbúnaðarverkfræðinámið er þverfaglegt nám sem skipulagt er í nánu samstarfi við tækni- og verkfræðideild.

Boðið hefur verið upp á MSc-nám í tölvunarfræði frá 2003. Námið er 120 ECTS einingar eða tvö ár. Hægt er að velja á milli þess að leggja áherslu á rannsóknir og þess að leggja áherslu á námskeið. Í rannsóknarmiðuðu námi vinna nemend-

ur að 60 ECTS eininga rannsóknarverkefni með leiðbeinanda en í námskeiðamiðuðu námi taka nemendur 90 ECTS einingar í námskeiðum og 30 einingar í verkefni eða ritgerð.

Stöðugt er verið að efla nám í tölvunarfræðideild og árið 2007 var undirbúningur í fullum gangi fyrir doktorsnám í tölvunarfræði, meistaranám í stærðfræði og meistaranám í hugbúnaðarverkfræði. Háskólinn í Reykjavík fékk formlega viðurkenningu á sviðum verk- og tæknivísinda árið 2007 og hefur því þegar leyfi til að bjóða upp á meistaranám í stærðfræði og hugbúnaðarverkfræði. Viðurkenning fyrir doktorsnám var svo veitt í kjölfar heimsóknar matsnefndar í desember 2007 og formlegt doktorsnám hefst árið 2008.





Rannsóknir

Mikil gróska er í rannsóknum í tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík. Nýtt rannsóknarsetur sem vinnur á sviði öryggis og áreiðanleika tölvukerfa var sett á fót árið 2007. Öryggissetur bættist við fjögur starfandi setur: Gervigreindarsetur, Þekkingarsetur í fræðilegri tölvunarfræði, Gagnasetur og Tungutækni-setur. Auk þessara setra, eru starfsmenn í tölvunarfræðideild burðarásinn í Stærðfræðasetri Háskólans í Reykjavík, sem er þverfaglegt rannsóknarsetur um rannsóknir í fléttufræðum og skyldum greinum stærðfræðinnar.

Niðurstöður rannsókna deildarinnar birtust í yfir 50 ritrýndum greinum á árinu, í bókum, tímaritum og á ráðstefnum. Meðal þeirra var grein í Science sem valin var ein af 10 mikilvægustu uppgötvunum ársins. Árangur rannsókna við deildina birtist einnig í verki þegar forritið CADIA-player vann heimsmeistarakeppni gervigreindarforrita í almennu leikjaspili á meginráðstefnu alþjóðlega gervigreindarsamfélagsins.

Tengsl við atvinnulíf

Sterk tengsl við atvinnulífið eru lykilþáttur í starfsemi tölvunarfræðideildar og birtist það bæði í kennslu og rannsóknum. Lokaverkefni BSc-nemenda hafa löngum verið unnin í nánu samstarfi við fyriræki á Íslandi og hafa þannig bæði skapað nýja þekkingu og eftt tengsl nemenda við þau. Auk þess kenna sérfræðingar frá fyrirtækjum, bæði íslenskum og erlendum, námskeið við tölvunarfræðideild og auka þannig breidd deildarinnar og styrkja tengsl við iðnaðinn.

Niðurstöður rannsókna deildarinnar nýtast á ýmsan hátt í atvinnulífinu. Tækni þróuð í Gervigreindarsetrinu var nýtt í sjálfvirkar ýsuflokkunarvélur, en þróun þeirrar tækni var samvinnuverkefni HR og Völlu, styrkt af Rannsóknarsjóði Íslands. Ný tækni í gagnagrunnum fyrir margmiðlunarefni, þróuð í Gagnasetri deildarinnar, hefur gert leit að myndum og kvikmyndum mun hraðvirkari. Nýtt sprotafyrirtæki, Eff Square, var stofnað til að þróa og markaðssetja þessa tækni.

Að lokum má benda á að samvinna við fyrirtæki á ýmsum sviðum rannsókna tryggir svo að þessari jákvæðu þróun sé haldið við. Má þar nefna að samstarfsverkefni HR með CCP um þróun mannglegra vitvera í sýndarheimum hlaut öndvegissstyrk Rannsóknarsjóðs á árinu.

Viðskiptadeild

Kennsla og gráður

Í viðskiptadeild var árið 2007 bæði kennt í grunnnámi til BSc-prófs og í framhaldsnámi til meistaraþrófs, MSc og MBA. Segja má að á árinu hafi verið kennt til þrens konar BSc-prófs í viðskiptafræði við deildina. Í fyrsta lagi var almennt viðskiptafræðinám sem hófst með gamla HR. Þar var hvorki sérhæfing né sérstök áherslusvið ef frá er skilið að nemendur gátu tekið 15 einingar í lögfræði eða 15 einingar í tölvunarfræði ofan á 75 einingar í viðskiptafræði (kennt í Ofanleit-ísútíbúi) en síðasti hópurinn í þessu námi brautskráðist vorið 2007. Í öðru lagi var viðskiptafræðinám sem stóð á grunni Tækniháskólans, en þar var sérhæfing í alþjóðamarkaðsfræði eða vörustjórnun (kennt í Höfðabakkaútibúi).

Í þriðja lagi voru það nemendur sem hófu nám í viðskiptafræði haustið 2005 eftir nýrri námskrá þar sem áherslusvið eru sjö, til viðbótar við áherslu á lögfræði og tölvunarfræði:

- Alþjóðaviðskipti.
- Fjármál og hagfræði.
- Markaðsfræði.
- Reikningshald og endurskoðun.
- Stjórnun.
- Tungumál.
- Vöru- og rekstrarstjórnun.

Nýjum nemendum í BSc-námi var kennt í útibúi skólans í Ofanleiti.



BSc-námið mátti sækja annars vegar í hefðbundnum dagskóla, þar sem kennt er mest á morgnana og svo fram eftir degi, og hins vegar síðdegis í svonefndu háskólanámi með vinnu (HMV). Það síðarnefnda er ætlað fólki sem er í starfi, en kennsla var á milli kl. 16 og 20 og dæmigerður nemandi tók þrjú námskeið á önn, í stað fimm í dagskóla. Þá áttu nemendur í HMV-náminu kost á að sækja námskeið á þremur sumarönnum. Í BSc-náminu í dagskóla voru um 300 nemendur og um 300 í HMV.

Boðið var upp á ferns konar nám til MSc-prófs á árinu 2007, þ.e. reikningshald og endurskoðun, fjármál fyrirtækja, fjárfestingarstjórnun og síðan hófst nýtt MSc-nám í alþjóðaviðskiptum haustið 2007. Fjárfestingarstjórnun var fyrst kennd haustið 2004, en fjármál fyrirtækja og reikningshald og endurskoðun voru í fyrsta sinn kennd haustið 2005.



„Það að Háskólinn í Reykjavík skuli bjóða nemendum lykil að skólanum gerir mér kleift að læra þegar mér hentar. Einnig er aðgengi að kennurum mjög gott og þeir fljótir til svara. Gæði kennslunnar eru mikil og án efa það besta sem er í boði hér á landi.“

Pétur Óli Jónsson, á 2. ári í viðskiptafræði.





Reikningshald og endurskoðun er tveggja ára nám eða fjórar annir en fjármál fyrirtækja og fjárfestingarstjórnun er þriggja til fjögurra anna nám. Alþjóðaviðskipti er fjögurra anna nám þar sem nemendur fara til útlanda á þriðju önn - annað hvort til starfa eða náms. Í MSc-námi í viðskiptadeild voru um 200 nemendur árið 2007. Mikill meirihluti kennara í Fjármálanáminu voru útlendir árið 2007, en í reikningshaldi og endurskoðun var ríflega helmingur kennaranna íslenskur svo og í alþjóðaviðskiptanáminu.

Ríflega 20 kennarar voru fastráðnir í fullu starfi við viðskiptadeild árið 2007 og hátt í 20 fastráðnir í hlutastarfi (voru þá í öðru starfi í fyrirtækjum á Íslandi eða í útlöndum eða við háskóla í útlöndum). Þá kenndu um 60 íslenskir stundakennarar við deildina og hátt í 30 stundakennarar frá útlendum háskólum.

Rannsóknir

Rannsóknir voru stundaðar af allmörgum kennurum viðskiptadeildar árið 2007. Þessar rannsóknir voru fjölbreyttar og margar þeirra utan rannsóknarmiðstöðvanna þriggja í deildinni, sem sinna rannsóknum í frumkvöðlafræðum, mannauðsmálum og einkaframkvæmd. Þar á meðal voru rannsóknir stundaðar í fjármálum, vörustjórnun, reikningshaldi, lífeyrismálum, vinnuhagfræði, mannlegum samskiptum, markaðsfræðum, á mismuni kynja á vinnumarkaði, í stærðfræði og sagnfræði svo dæmi séu tekin.

Ríflega 20 akademískir starfsmenn höfðu skilgreint rannsóknarhlutfall af sínu starfi árið 2007. Afrakstur þeirra á árinu var um 50 vísindalegar útgáfur á ritrýndum vettvangi.

Tengsl við atvinnulíf

Starfsmenn og nemendur viðskiptadeildar höfðu víðtæk tengsl við atvinnulíf og samfélag árið 2007. Nemendur gerðu fjölda verkefna, allt frá námskeiðsverkefnum upp í stór loka-verkefni, fyrir fyrirtæki og samtök auk þess sem þeir heim sóttu allmörg fyrirtæki. Þá fluttu um 50 gestakennarar staka fyrirlestra í ýmsum námskeiðum deildarinnar.

Flestir kennarar deildarinnar voru með margvísleg tengsl við atvinnulíf og samfélag. Þeir voru á árinu formenn 5 nefnda, sátu í 16 öðrum nefndum, formenn 10 stjórna fyrirtækja og sátu í öðrum 16 til viðbótar og 7 voru í stefnumarkandi starfi á vettvangi atvinnulífsins. Einnig áttu þeir þátt í 9 álitsgjöfum, 6 dómskvaðningum og sinntu um 30 ráðgjafarverkefnum í rekstri og stjórnun. Auk þess skrifuðu þeir yfir 50 greinar í dagblöð, voru í hátt í 100 viðtölum í fjölmiðlum, héldu um 50 fyrirlestra utanhúss og kenndu um 40 námskeið í Stjórnendaskóla, Símennt eða í fyrirtækjum.

Á árinu skrifuðu viðskiptadeild og KPMG undir samstarfs-samning um að KPMG myndi styrkja rannsóknar- og kennslustöðu á sviði reikningshalds og endurskoðunar við HR - svo nefnd „KPMG Chair of Accounting“.



„Styrkur MBA-námsins í HR felst í tengslum skólans við atvinnulífið og hagnýtri samsetningu námsefnis og kennsluaðferða. Áhersla á lausn raunhæfra verkefna í hópum er sennilega einn besti undirbúningur sem nemendur geta fengið fyrir atvinnulífið, fyrir utan að vera stórkostlega skemmtileg vinnuaðferð.“

Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, MBA frá HR 2005, forstöðumaður samskiptasviðs Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka hf.

Alþjóðlegt MBA nám á Íslandi

Alls útskrifuðust 52 nemendur með MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík árið 2007, 33 karlar og 19 konur. Meðalaldur útskriftarhópsins var 39,5 ár. Elsti nemandinn var 51 árs og sá yngsti 32 ára.

Háskólinn í Reykjavík lagði sömu áherslu og ævinlega á að vera í góðu samstarfi við marga af bestu viðskiptaháskólum heims og að bjóða nemendum sínum upp á gestakennara í fremstu röð. Nemendur fengu notið leiðsagnar, fræðslu og skoðanaskipta við kennara frá IESE, London Business School, Insead, Richard Ivey School of Business og Boston University og fleiri háskólum sem allir eru í fremstu röð.

Námið fer fram á ensku og kennslan byggir á mjög virkri þátttöku nemenda. Alls glímdu nemendur við um 500 raundæmi (cases) á námstímanum. Háskólinn í Reykjavík nýtti sér enn fremur góð tengsl sín við íslenskt atvinnulíf, þar sem hann er í raun í eigu allra fyrirtækja á Íslandi, og komu margir gestafyrirlesarar úr fremstu víglínu íslensks atvinnulífs. Þá voru mörg verkefnanna raunverkefni úr íslensku atvinnulífi.


Reglulegar kannanir þar sem nýútskrifaðir nemendur eru spurðir álit á náminu er hluti af stöðugri þróun og gæðaeft-

irliti með MBA náminu. Í könnun meðal nemenda sem útskrifuðust árið 2006 kom m.a. eftirfarandi fram:

- 95% sögðu að MBA námið hafi bætt árangur þeirra á vinnustað.
- 91% sagði að MBA námið hafi bætt stöðu þeirra á vinnumarkaði.
- 95% sögðu að MBA námið hafi verið fylllega virði þeirrar fórna tíma og fjármunum sem eru því samfara.

Um tvöfalt fleiri sækja um nám í MBA heldur en fá skólavist ár hvert og þegar valið er í námið er meðal annars horft til þess að setja saman hóp með fjölbættan bakgrunn og reynslu. Reynt er að gæta þess að um þriðjungur hafi bakgrunn í viðskiptum, annar þriðjungur í félagsgreinum og þriðjungur í raungreinum.

EDUCATIONAL BACKGROUND OF STUDENTS



- Viðskipti og hagvísindi 32%
- Tölvunarfræði 6%
- Verkfræði og tæknifræði 10%
- Félagsvísindi 17%
- Hugvísindi 8%
- Náttúruvísindi 14%
- Lögfræði 5%
- Annað 8%



Rannsóknir við Háskólann í Reykjavík

Rannsóknarstefna

Forsendur

- Góður háskóli verður ekki til án öflugra rannsókna sem standa föstum fótum í alþjóðasamfélaginu.
- Rannsóknir snúast um sköpun og miðlun þekkingar. Gæði vísindalegrar þekkingar eru best tryggð með jafningjamati sem fram fer á ritrýndum vettvangi.
- Rannsóknir eru skapandi starf og brautryðjendaverk. Slíku starfi verður ekki stjórnað af öðru en þeim drifkrafti sem knýr hvern vísindamann.

Grundvallarstefna

- Vísindamenn við Háskólann í Reykjavík eiga að vera virkir þátttakendur í vísindasamfélaginu og rannsóknir við skólann eiga að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til vandaðra vísindarannsókna á alþjóðlegum vettvangi. Að teknu tilliti til þeirra rannsóknarsviða sem takmarkast við íslenskt þjóðfélag er vísindamönnum við HR sett það markmið að öðlast alþjóðlega viðurkenningu fyrir störf sín. Mikilvægasti mælikvarðinn á afrakstur rannsóknarstarfs eru birtingar á virtum ritrýndum vettvangi.
- Í HR ríkir akademískt frelsi. Það þýðir að hver vísindamaður hefur sjálfðæmi um val á viðfangsefnum, túlkun niðurstaðna og birtingu þeirra, og ennfremur rétt til gagnrýni. Um nánari útlíðun á akademísku frelsi vísats til yfirlýsingar rektora allra háskóla landsins sem undirrituð var í Reykjavík 15. júní 2005.
- Það er markmið HR að byggja upp öflugar rannsóknir, sem efla orðstír skólans á alþjóðavettvangi, næra kennsluna við skólann og veita nýrri þekkingu inn í atvinnulíf og samfélag.

Rannsóknir og stjórnun skólans

- Viðfangsefnum rannsókna við HR verður aðeins stýrt með ráðningum vísindamanna. Eftir ráðningu hefur vísindamaður akademískt frelsi, eins og að ofan getur.
- Öll ferli og viðmið sem lúta að mannráðningum, framgangi, úthlutun fjármagns og annarra gæða er styðja við rannsóknarstarf verða að vera skýr.
- Framgangur og laun eru mikilvægir hvatar í starfi. Hvort tveggja þarf að leiða til þess að vísindamenn skólans keppi að því að standa sig sem best í rannsóknum og sé umbunað í samræmi við verk og árangur. Í því sambandi verður að hafa að leiðarljósi verðleikamat alþjóðlega vísindasamfélagsins.

- Nýráðninga- og framgangsreglur verða að vera skýrar og setja metnaðarfull skilyrði fyrir ráðningu og framgangi í lektors-, dósent- og prófessorsstöður. Við mat á hæfi og ákvarðanir um framgang skal árangur í rannsóknum að jafnaði vege þyngst og skal alltaf miðað við þær kröfur sem gerðar eru til vandaðra vísindarannsókna á alþjóðlegum vettvangi. Meta skal stöðu vísindamanns í alþjóðlegu samhengi alls staðar þar sem það á við.
- Reglubundið innra mat á rannsóknarárangri við HR skal gert árlega. Á 5 ára fresti skal leitað til utanaðkomandi aðila, að jafnaði erlendra, sem meti stöðu hvernar deildar í alþjóðlega vísindasamfélaginu og beri hana saman við aðra háskóla. Hvort tveggja verður síðan lagt til grundvallar við skiptingu rannsóknarfjár.
- Setja skal á stofn Vísindaráð HR, sem skipað verði einum fulltrúa frá hverri deild auk forseta skipuðum af rektor. Hlutverk ráðsins er að móta stefnu skólans í rannsóknum og vera rektor til ráðgjafar í þeim málum sem lúta að rannsóknum en heyra ekki undir einstakar deildir. Meðal annars tekur ráðið afstöðu til þeirra tillagna um ráðningar og framgang sem koma frá deildunum og sem rektor þarf að samþykka. Ennfremur skulu tillögur deilda um skipan matsnefnda fyrir framgang sendar til umsagnar Vísindaráðs HR.

Rannsóknir 2007

Við allar deildir Háskólans í Reykjavík er lögð áhersla á að stunda alþjóðlega viðurkenndar rannsóknir sem efla orðstír skólans á alþjóðavettvangi, næra kennsluna við skólann og veita nýrri þekkingu inn í íslenskt atvinnulíf og samfélag.

Á árinu 2007 voru starfræktar 14 rannsóknarstofnanir við skólann:

- Evrópuréttarstofnun, Fjármálaréttarstofnun og Auðlindaréttarstofnun við lagadeild.
- Rannsóknarmiðstöð í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum, Rannsóknarmiðstöð um einkaframkvæmd og Rannsóknarmiðstöð í mannauðsstjórnun við viðskiptadeild.
- Orkurannsóknarsetur við tækni- og verkfræðideild.
- Rannsóknir & greining við kennslufræði- og lýðheilsudeild.
- Þekkingarsetur í fræðilegri tölvunarfræði, Gagnasetur, Gervigreindarsetur, Tungutækni- og Öryggissetur við tölvunarfræðideild.

Eitt þverfaglegt rannsóknarsetur var starfrækt á árinu, þ.e. Rannsóknarsetur í stærðfræði.

Á árinu var einnig samþykkt ný og framsækin rannsóknarstefna, sett á stofn sérstakt Vísindaráð og komið á fót nýrri stöðþjónustu - Rannsóknarsvið HR - til eflingar rannsóknarumhverfis skólans. Vísindaráð var skipað eftirfarandi aðilum á árinu 2007:


- Einar Steingrímsson, prófessor við kennslufræði- og lýðheilsudeild (formaður).
- Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við lagadeild.
- Rögnvaldur Jóhann Sæmundsson, dósent við viðskipta-deild.
- Anna Ingólfssdóttir, prófessor við tölvunarfræðideild.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, deildarforseti kennslufræði- og lýðheilsudeildar (Prófessor John Allegrante sat í stað Ingu Dóru september-desember).
- Brynjar Karlsson, dósent við tækni- og verkfræðideild.

Háskólinn stóð sig sérstaklega vel í samkeppni um fjármagn til rannsókna og hlaut marga styrki úr innlendum og alþjóðlegum rannsóknarsjóðum á árinu 2007. Úthlutunarhlutfall skólans (þ.e. fjöldi styrkja / fjöldi umsókna) hjá einum stærsta rannsóknarsjóði landsins, Rannsóknarsjóði Vísinda- og tækniráðs, var árið 2007 um 37% á meðan meðalúthlutunarhlutfallið hjá sjóðnum var um 24%. Heildarstyrkuppþæð til skólans úr Rannsóknarsjóði hefur einnig aukist frá ári til árs og árið 2007 fékk skólinn um 51,4 m.kr. til 17 verkefna (Mynd 1). Skólinn hefur einnig aukið jafnt og þétt sókn sína í erlenda samkeppnis-sjóði og var sjálfsaflafé til rannsókna (fyrir utan rannsóknarframlag ríkisins) á árinu 2007 um 80 m.kr. Á mynd 2 má sjá sjálfsaflafé til rannsókna 2007 per akademískt stöðugildi, sem var um 714 þús. kr. fyrir skólann í heild.

Í september 2007 kynnti skólinn nýjar leiðir til að tryggja skólanum sess á meðal framsæknustu háskóla Evrópu, skapa honum enn frekari tækifæri til að styrkja akademíska stöðu sína, efla rannsóknarvirkni og leggja grunninn að alþjóðlegum háskóla í Reykjavík. Stofnaður hefur verið sérstakur Þróunarsjóður HR með viðbótarfjárframlagi frá nýjum hluthöfum. Áætlað er að fjármagn úr sjóðnum verði m.a. notað til að setja á fót nýjar rannsóknarstofnanir, setja af stað stór alþjóðleg rannsóknarverkefni, efla rannsóknatengt nám og ráða fleiri framúrskarandi vísindamenn við skólann. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum verður þó ekki fyrr en á árinu 2008.


Vísindamenn við skólann hafa verið sérstaklega duglegir við að koma niðurstöðum rannsókna sinna á framfæri og hefur t.d. fjöldi ritrýndra birtinga aukist frá ári til árs og voru birtingar á ritrýndum vettvangi um 200 á árinu 2007. Á mynd 3 má sjá fjölda ritrýndra birtinga per akademískt stöðugildi á árinu 2007, sem var um 1,8 ritrýnd grein fyrir skólann í heild.

ÚTHLUTUN ÚR RANNSÓKNARSJÓÐI TIL HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK (Þús. kr.)




Mynd 1

SJÁLFSAFLAFÉ TIL RANNSÓKNA PER AKADEMÍSKT STÖÐUGILDI (Þús. kr.)



Mynd 2

FJÖLDI RITRÝNDRA BIRTINGA PER AKADEMÍSKT STÖÐUGILDI



Mynd 3



Rannsóknarstofnanir og nokkur dæmi um rannsóknarverkefni

VIÐSKIPTAÐEILD

Stofnanir	Dæmi um rannsóknarverkefni
Rannsóknarmiðstöð í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum	1. „Global Entrepreneurship Monitoring (GEM)“. 2. Rannsóknir á nýjum tæknifyrirtækjum.
Rannsóknarmiðstöð um einkaframkvæmd	3. Rannsókn á einkaframkvæmd í heilbrigðisþjónustu í nágrannalöndum Íslands. 4. Rannsókn á einkavæðingu á Íslandi.
Rannsóknarmiðstöð í mannauðsstjórnun (RA-MAUS)	5. „Cranfield Network on Comparative Human Resource Management (CRANET)“. 6. Rannsóknir á tengslum íslenskrar mannauðsstjórnunar og rekstrarárangurs.

LAGAÐEILD

Stofnanir	Dæmi um rannsóknarverkefni
Evrópuréttarstofnun	1. Skýringarrit með lögum um verðbréfavíðskipti.
Fjármálaréttarstofnun	2. Möguleikar við gerð reglna um losun gróðurhúsalofttegunda og áhrif þeirra. Samstarfsverkefni með tækni- og verkfræðeild.
Auðlindaréttarstofnun	3. Umhverfismat áætlaða mat á umhverfisáhrifum framkvæmda - tengsl & samþætting. Samstarfsverkefni með tækni- og verkfræðeild. 4. Impact of International Criminal Procedures on Domestic Criminal Procedures in Mass Atrocity Cases (DOMAC). 5. Almennatryggingar: Hlutverk og samspil við önnur bótaúrræði. 6. The UN Convention on the Rights of Persons with Disabilities: European and Scandinavian Perspectives.

TÖLVUNARFRÆÐIDEILD

Stofnanir	Dæmi um rannsóknarverkefni
Þekkingarsetur í fræðilegri tölvunarfræði	1. Aðferðir til að formlega sannreyna flókin samhlíða kerfi eins og samskipta- og netkerfi. 2. Þróun reikniritra til að finna nálgunarlausnir fyrir erfið vandamál eins og verkröðun.
Gagnasetur	3. Eff-Square verkefni um hraðvirka og skilvirka leit að margmiðlunarefni.
Gervigreindarsetur	4. Tækni til að leita og skoða á auðveldan hátt í stórum margmiðlunarsöfnum. 5. Mannlegar vitverur í sýndarheimum.
Tungutækni-setur	6. Forrit sem geta spilað hvaða opinn leik sem er. 7. Tækni til að marka íslenskan texta með mikilli nákvæmni.
Öryggissetur	8. Tækni til að finna ritvillur í íslensku með tilliti til samhengis. 9. Þróun tækni og aðferða til að meta og tryggja öryggi vefkerfa framtíðarinnar. 10. Þróun aðferða til að skilgreina og framfylgja öryggisreglum.

TÆKNI- OG VERKFRÆÐIDEILD

Stofnanir	Dæmi um rannsóknarverkefni
Orkurannsóknarsetur	1. Möguleikar við gerð reglna um losun gróðurhúsalofttegunda og áhrif þeirra. 2. Ákvarðanatáka fyrir nýtingu háhitasvæða 3. Uppbygging iðustreymis. 4. Zebrafiskar sem svefnlíkan. 5. Rannsókn á útbreiðslu rafvirkni í leginu. Hagnýting við greiningu yfirvofandi fyrirburafæðingar. 6. Virkni í miðlægri undirstúku við tilfinningaáreiti.

KENNSLUFRÆÐI- OG LÝÐHEILSUDEILD

Stofnanir	Dæmi um rannsóknarverkefni
Rannsóknir & greining	1. Yfirlitsrannsóknirnar Ungt Fólk á Íslandi. 2. „Youth in Europe“. Samstarfsverkefni 15 Evrópuborga. 3. Fræðileg og hagnýt þróun íslenska forvarnamóðelsins. 4. Health behavior and academic achievement among adolescents. 5. Parental influences on academic achievement among adolescents. 6. Tímaraðagreiningar á vísnum um heilsu og líðan barna og unglinga.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Stofnanir	Dæmi um rannsóknarverkefni
Stærðfræðisetur HR	1. Umraðanamynstur. 2. Umraðanir, mynstur og algebur. 3. Large deviations and stochastic analysis with applications to insurance, mathematical finance and mathematical economics. 4. Representable graphs. 5. Abstract Catalan structures. 6. Smíði Lyapunov-falla fyrir ólínuleg hreyfikerfi með línulegri bestun.

RANNSÓKNARSTOFNUN Í FJÁRMÁLUM OG HAGFRÆÐI

Stofnanir	Dæmi um rannsóknarverkefni
	1. Price volatility and risk exposure: on the interaction of quota and product markets 2. Vertical Integration and Long-Term Contracts in Risky Markets 3. Inflation targeting in Iceland 4. Euroisation and financial stability 5. Verðlagning á flutningi raforku



Símennt HR

Starfsemi Símenntar á árinu 2007 einkenndist af miklum vexti. Símennt HR var stofnuð 1. janúar 2005 og síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Starfsmannafjöldi hefur aukist jafnt og þétt til að mæta auknum umsvifum og eru starfsmenn nú sjö talsins. Bryddað var upp á nýjungum í framboði, en sem fyrr var lögð mikil áhersla á góða þjónustu við viðskiptavininn og vandað framboð námskeiða.

Stefnan var markvisst sett á að þjóna fjórum markhópum. Í fyrsta lagi fyrirtækjum sem vildu efla getu starfsmanna sinna og jókst sala á sérsniðnum námskeiðum til fyrirtækja verulega. Í öðru lagi var horft til þeirra sem vildu fara í lengra fagnám og var jafnt og þétt unnið að því að bæta það sem fyrir var, t.d löggildingarnám í verðbréfiðskiptum, viðurkenningu bókara og komið var á koppinn löggildingarnámi fyrir fasteignasala, sem hingað til hafði aðeins verið kennt í HÍ.

Jafnframt þessu var lagður grunnur að öðrum lengri námskeiðum til fullgildra háskólaeininga í samstarfi við deildir háskólans. Í þriðja lagi var lagður grunnur að því að byggja námskeið fyrir umsækjendur sem fengu ekki inngöngu í deildir háskólans. Í fjórða lagi var boðið upp á röð styttri námskeiða.

Símennt HR fór ekki varhluta af alþjóðavæðingu háskólans og á árinu var unnið að verkefni í samstarfi við Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Það fólst í því að átta hámenntaðir Ugandabúar komu til HR í tveggja vikna þjálfun fyrir frumkvöðlakennslu á heimaslóðum. Þjálfun fór einnig fram í Uganda. Þetta verkefni hefur síðan blómstrað og hundruð manna í ýmsum bæjum í Uganda hafa sótt námskeiðið við miklar vinsældir.



Stjórnendaskóli HR

Árið var farsælt fyrir Stjórnendaskóla HR og viðskiptavini hans. Unnið var með mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins að þjálfun stjórnenda og starfsmanna og sem fyrr var lögð mest áhersla á að hanna sérsniðnar lausnir fyrir fyrirtækin í landinu, enda hlutverk Stjórnendaskólans að efla samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Einnig var boðið upp á opið nám fyrir skólastjórnendur í samstarfi við Capacent og tókst það verkefni frábærlega. Mikill vöxtur var í eftirspurn eftir lausnum sem Stjórnendaskólinn býður í samstarfi við FranklinCovey, m.a. 7 venjur til árangurs, xQ mat á innleiðingu stefnu ofl. Á árinu var ríðið á vaðið með Mannauðsverkefnið í samstarfi við Landsbankann og fleiri aðila en ljóst þykir að þar fer eitt af stærstu einstöku verkefnum sem sett hefur verið af stað. Unnin var grunnvinna í ýmsum spennandi verkefnum sem nýtist á komandi misserum t.a.m í samstarfi við MIT. Rúmlega 1700 þátttakendur sóttu viðburði á vegum Stjórnendaskólans árið 2007.





Atvinnuþjónusta

Atvinnuþjónusta Háskólans í Reykjavík byggir á sterkum tengslum við íslenskt atvinnulíf. Með stofnun atvinnuþjónustu árið 2006 steig HR fram fyrstur íslenskra háskóla með slíka þjónustu. Meginmarkmið hennar er að greiða leið nemenda og fyrirtækja að árangursríkum ráðningum og styrkja þannig tengsl skólans við viðskiptalífið enn frekar, auka færni nemenda með kennslu og þjálfun og stuðla að samskiptaleikni og metnaði þeirra til að stíga fram af áræðni í leit að starfi. Atvinnuþjónustan nær bæði til núverandi nemenda og þeirra sem þegar hafa útskrifast frá HR og nýtist þjónustan því ekki síður fyrirtækjum sem óska eftir starfskrafti með ákveðna starfsreynslu. Atvinnuþjónustan miðlar jafnt framtíðarstörfum sem hluta- og sumarstörfum. Árið 2007 var starfandi ráðgjafi í fullu starfi hjá Atvinnuþjónustu HR.

Þjónusta við nemendur og fyrirtæki

Atvinnuþjónustan miðar við þarfir nemenda annars vegar og fyrirtækja hins vegar. Atvinnuþjónustan býður nemendum skólans einstaklingsráðgjöf. Þar er meðal annars farið yfir áhugasvið, stefnumörkun og leiðsögn varðandi árangursríka þætti er snúa að atvinnuleit, svo sem gerð ferilsskrár og kynningarbréfs, viðtalstækni, samningatækni og aðra þætti umsóknar- og ráðningarferlisins.

Reglulega yfir skólaárið eru haldnar vinnustofur þar sem sjónum er beint að vinnumarkaðnum, þeim þáttum er tengjast starfsúmsóknum, ráðningum og hvernig nemendur geta stjórnað eigin starfsframa. Fyrirlesarar úr viðskiptalífinu eru tíðir gestir á slíkum vinnustofum sem veita nemendum innsýn í störf sín og miðla dýrmætri reynslu.

Atvinnuþjónustan sér einnig um beina miðlun starfa og geta fyrirtæki valið á milli tvenns konar þjónustu. Annars vegar geta fyrirtæki auglýst laus störf á vef atvinnuþjónustunnar og hins vegar óskað eftir að starfsmaður hennar leiti

markvisst að rétta einstaklingnum meðal nemenda sem eru skráðir í gagnagrunninn. Að jafnaði eru ríflega 1200 núverandi og fyrrverandi nemendur HR skráðir í atvinnuþjónustuna og hafa þeir mjög fjölbreyttan bakgrunn og menntun úr öllum deildum skólans.

Atvinnuþjónustan leggur einnig áherslu á að fylgjast grannt með horfum útskriftarnemenda á vinnumarkaði og leggur í því augnamiði fyrir könnun á atvinnustöðu nemenda í tengslum við hverja útskrift. Samkvæmt könnun sem gerð var á meðal útskriftarnemenda í byrjun árs 2007 höfðu 88% nemenda ráðið sig til starfa eða fengið atvinnutilboð mánuði fyrir útskrift. Sama könnun, sem lögð var fyrir útskriftarnemendur í júní 2007, leiddi í ljós að 91% þeirra höfðu fengið starf eða atvinnutilboð mánuði fyrir útskrift.


Árið 2007 voru haldnar átta vinnustofur með alls 310 þátttakendum. Nemendur sem komu í einstaklingsráðgjöf voru 260 talsins. Atvinnuþjónustan miðlaði til núverandi og fyrrverandi nemenda skólans alls 230 atvinnutækifærum og var um að ræða jafnt framtíðarstörf sem sumar- og hlutastörf.

Meðal þeirra fyrirtækja sem réðu starfsfólk í gegnum Atvinnuþjónustu HR voru VBS Fjárfestingarbanki, Icebank, Glitnir, Landsbankinn, Straumur-Burðarás, Rekstrarfélag sparisjóðanna, Icelandair Group, Eimskip, Visa, Deloitte, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök ferðaþjónustunnar, IDAN fræðslusetur og breska sendiráðið.



„Háskólinn í Reykjavík er í sókn á alþjóðavettvangi. Sífellt fleiri erlendir nemendur og kennarar stunda nám og starfa við skólann. Stuttar námsferðir til útlanda eru algengar og nemendur eru hvattir til þess að fara út í skiptinám til að auka vísýni sína. Ég stundaði nám í eina önn við einn af bestu viðskiptaháskólum Evrópu og slík reynsla er mjög dýrmæt.“

Salóme Guðmundsdóttir, nemandi á 3. ári í viðskiptafræði og alþjóðafulltrúi SFHR.



Alþjóðaskrifstofa

Alþjóðaskrifstofa Háskólans í Reykjavík ber ábyrgð á alþjóðavæðingu skólans en hún felur í sér aukin tengsl við erlenda háskóla vegna skiptináms og annarra samstarfsverkefna. Alþjóðaskrifstofan stuðlar meðal annars að aukinni þátttöku HR í hinum ýmsu áætlunum Evrópusambandsins á sviði vísinda, menntunar og þjálfunar, sem og auknum stúdenta- og kennaraskiptum við háskóla erlendis. Markmiðið er að senda sem flesta nemendur út í skiptinám og bjóða fleirum upp á alþjóðlega reynslu. Til að leggja áherslu á alþjóðavæðingu HR var ákveðið að aðskilja alþjóðaskrifstofu og námsráðgjöf og stofna sérstakt alþjóðasvið í ágúst 2007.

Alþjóðaskrifstofan hefur þróað móttökukerfi fyrir erlenda stúdenta sem stunda skiptinám við HR og leggur jafnframt áherslu á að aðstoða stúdenta við að velja og sækja um stúdentaskipti við erlenda háskóla. Einn starfsmaður er í fullu starfi á alþjóðaskrifstofu en sumarið 2007 var ráðin sumararfleysing. Þá kom sérstakur forstöðumaður sviðsins til starfa í október 2007.

Stúdentaskipti veita háskólastudentum tækifæri til að stunda nám við erlenda háskóla í eina eða tvær annir. Í desember 2007 höfðu verið gerðir samningar við yfir eitt hundrað háskóla, flestir þeirra eru í viðskiptadeild en þeim fer fjölgandi í lagadeild og tækni- og verkfræðideild. Þá er hafin vinna við kennslufræði- og lýðheilsudeild. Auk samninga innan Erasmus-áætlunar Evrópusambandsins bættist við nýr samningur við Ottawaháskóla í Kanada fyrir lagadeild.

Fjöldi skiptistúdenta árið 2007:

Íslenskir skiptistúdentar sem fóru út:		Erlendir skiptistúdentar sem komu í HR:	
Vor	Haut	Vor	Haut
32	30	27	41

Starfsmenn alþjóðaskrifstofu vinna náið með fulltrúum kennsludeilda varðandi val á samstarfsskólum, uppbyggingu skiptinámsins, námsmats og framboð á námskeiðum á ensku.

Stúdentþjónusta HR

Í ágúst árið 2007 var Stúdentþjónusta HR stofnuð en áður hafði verið starfandi við skólann stoðsvið sem hýsti námsráðgjöf og alþjóðaskrifstofu. Á vorönn 2007 voru starfandi þrír náms- og starfsráðgjafar við skólann, en á haustönn tveir náms- og starfsráðgjafar hjá Stúdentþjónustu HR og auk þess var einn í hlutastarfi. Markmið Stúdentþjónustunnar er að auka samkeppnishæfni og lífsgæði nemenda, stuðla að því að nemendur styrkist sem einstaklingar og námsmenn og nái metnaðarfullum markmiðum sínum.

Stúdentþjónusta HR leggur áherslu á að:


- Efla færni og metnað nemenda varðandi nám og störf.
- Aðstoða nemendur við að bæta vinnubrögð og áætlanagerð.
- Styrkja nemendur sem námsmenn og sérfræðinga þannig að þeir nái hámarksárangri.
- Efla vitund nemenda um hæfileika sína, viðhorf og áhugasvið þannig að þeir njóti sín í námi og starfi.
- Auka sjálfsöryggi og sjálfsþekkingu nemenda.

Viðtöl og námskeið

Náms- og starfsráðgjafar eru með viðtalstíma fyrir nemendur skólans og aðra sem sækjast eftir upplýsingum um nám í HR. Einnig býður Stúdentþjónusta HR nemendum skólans fjölbreytt námskeið þar sem meðal annars er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér markmiðssetningu, tímastjórnun, lestrartækni, próftækni og fleira sem stuðlar að betri árangri í námi. Veitt er ráðgjöf um samhæfingu námsframvindu og einkalífs og annað sem upp kemur á námstímanum og kann að hafa áhrif á námið.

Á vorönn 2007 voru haldin tvö námstækninámskeið, eitt prófkviðanámskeið og einn námshringur. Á haustönn 2007 voru haldin ellefu námstækninámskeið, tveir námshringir og tvö prófkviðanámskeið. Heildarfjöldi skráðra viðtala árið 2007 var um 1630, auk þess um 700 símaviðtöl og 1340 fyrirspurnum var svarað í tölvupósti.

SKIPTING VIÐTALA EFTIR MÁLAFLOKKUM



- ▼ Vinnubrögð í námi 9%
- ▲ Skipulagning á tíma 7%
- ▲ Námsframvinda 15%
- ▲ Sérúrræði í námi 13%
- ▲ Persónuleg málefni 9%
- ▲ Upplýsingar um HR 33%
- ▲ Önnur málefni 13%



Styrkir til afburðanemenda

Stúdentþjónusta HR hefur umsjón með styrkjum fyrir nemendur sem hafa náð afburðaárangri. Veittir eru styrkir sem felast í niðurfellingu skólagjalda fyrir nemendur sem komast á Forsetalista hverrar deildar. Á þeim lista eru 4-5% nemenda í grunnnámi sem eru með hæstu einkunnirnar hverju sinni eða alls um 65 nemendur.

Árið 2007 voru í fyrsta sinn veittir nýnemastyrkir við Háskólann í Reykjavík en þeir felast í niðurfellingu skólagjalda og framfærslustyrk fyrir nemendur á fyrstu önn í grunnnámi. Um 3-4% nýnema fá þessa styrki, eða 35 nemendur. Umsækjendur þurfa að hafa minnst 8,0 í meðaleinkunn á stúdentsprófi til að hafa möguleika á að hljóta þennan styrk. Styrktaraðilar Forsetalistans og nýnemastyrkja HR eru Straumur og Landsbankinn. Ýmsir fleiri styrkir eru veittir til nemenda sem ná afburðaárangri innan HR.

Áhugakönnun

Stúdentþjónusta HR sér um að framkvæma Áhugakönnun Strong nokkrum sinnum á önn. Áhugakönnun Strong (Strong Interest Inventory) er elsta og mest rannsakaða áhugasviðspróf í heimi. Niðurstöðurnar segja til um í hvaða átt áhugi viðkomandi beinist varðandi val á námi, starfi og tómstundum. Ennfremur hvernig áhugasvið einstaklingsins fellur að áhugasviði fólks í hinum ýmsu starfsgreinum.

Aðstoðarkerfi

Stúdentþjónusta HR sér um aðstoðarkerfi fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika eða hamlanir. Nemendur þurfa að skila greiningu frá sérfræðingi til að hægt sé að veita þeim sérúrræði í námi. Skriflegir samningar eru gerðir við nemendur þar sem fram koma þau úrræði sem veitt eru á náms- og prófatíma.

Bókasafn og upplýsingaþjónusta

Hlutverk Bókasafns og upplýsingaþjónustu HR (BUHR) er að styðja og efla sköpun og miðlun þekkingar við Háskólann í Reykjavík með því að safna efni á fræðasviðum skólans, gera það aðgengilegt og veita þeim er til safnsins leita framúrskarandi þjónustu. Áhersla er annars vegar lögð á hátt þjónustustig, hins vegar á rafræn gögn. Við setjum markið hátt og stefnum að því að stúdentar og starfsmenn HR hafi aðgang að rafrænu efni á sínum fræðasviðum sambærilegan við það sem best gerist í alþjóðlegu háskólasamfélagi.

BUHR rækir hlutverk sitt með því að:

- velja, safna, varðveita og skipuleggja fjölbreyttar upplýsingar á fræðasviðum skólans,
- greiða notendum leið að upplýsingum,
- stuðla að upplýsingalæsi innan skólans með markvissri fræðslu og leiðsögn,
- bjóða fjölbreytta, nútímalega og persónulega þjónustu,
- bjóða upp á aðstoðu í samræmi við þarfir notenda,
- bjóða notendum aðgang að öflugri rafrænni þekkingarveitu,
- fylgjast með nýjungum á sviði bókasafns- og upplýsingamála og taka þátt í samstarfi á þeim vettvangi.



Frá því BUHR var formlega opnuð í janúar 1999 hefur það verið stefna stjórnenda að nýta upplýsingatæknina sem mest við uppbyggingu safnsins og er það að stærstum hluta rafrænt bókasafn og í fremstu röð slíkra safna hérlendis. Jafnframt er unnið að uppbyggingu safnkosts á prenti. BUHR er áskrifandi að fjölmörgum lykildagnasöfnum og rafrænum tímaritum á fræðasviðum HR, ýmist eitt eða í samstarfi við aðra. Áherslan á rafrænt bókasafn hefur gert BUHR kleift að mæta þeim áskorunum sem felast í stöðugri þróun náms og rannsókna við HR, sem og fjölgun fræðasviða.

BUHR býður alla almenna bókasafnsþjónustu, s.s. útlán, millisafnalán og upplýsingaleitir. Árvekiþjónusta er mikilvægur liður í starfsemi, en henni er ætlað að auðvelda einstaklingum að fylgjast með því sem er efst á baugi á sérfræðisviði viðkomandi. Má þar nefna upplýsingar um nýtt efni hjá BUHR, rafrænar sendingar efnisyfirlita valinna tímarita og geymsluleitir í gagnasöfnum. BUHR heldur úti námsbókasafni þar sem kennarar geta látið taka frá efni vegna kennslu einstakra námskeiða. Í námsbókasafni eru eintök af öllum kennslubókum námskeiða í grunnnámi á yfirstandandi önn og eintök af lokaritgerðum nemenda.


Upplýsingalæsisfræðsla er miðlægur þáttur í starfsemi BUHR. Upplýsingalæsi eykur hæfni einstaklinga til að takast á við síbreytilegt og krefjandi starfsumhverfi og búa sig undir frekara háskólanám og þátttöku í vísindasamfélagi. Bókasafns- og upplýsingafræðingar annast fræðslu á öllum deildum HR og er hún skipulögð í samvinnu við forstöðumenn og kennara. Áhersla er lögð á góða grunnfræðslu fyrir alla nemendur á fyrsta ári og upprifjun fyrir alla nemendur sem vinna að lokaritgerð. Fræðsluleiðir eru jafnframt fjölbreyttar. Boðið er uppá kennslu í notkun sérhæfðra gagnasafna, kennarar geta pantað bókasafns- og upplýsingafræðing í tíma í tengslum við verkefnavinnu og einstaklingar geta bókað tíma hjá bókasafns- og upplýsingafræðingi og fengið persónulega aðstoð við heimildaleit.

Á safninu er starfrækt sérhæfð upplýsingaþjónusta á sviði Evrópuupplýsinga, EU \bar{i} . Þjónustan er sú eina sinnar tegundar á Íslandi og starfar samkvæmt samningi BUHR við Fastanefnd framkvæmdastjórnar ESB fyrir Ísland og Noreg. Hlutverk þjónustunnar er að styðja og efla háskólanám, háskólakennslu og rannsóknir á Íslandi, sem tengjast málefnum Evrópu.

BUHR er með starfsstöðvar í Ofanleiti og á Höfðabakka. Starfsmenn eru 7 í 6,5 stöðugildum.


Fjármál

REKSTRARGJÖLD 2007



- Laun og launatengd gjöld 63,8%
- Húsnæðiskostnaður 12,2%
- Annar rekstrarkostnaður 20,6%
- Afskriftir 3,3%

REKSTRARTEKJUR 2007



- Framlag ríkissjóðs vegna kennslu og rannsókna 55,1%
- Skólagjöld og aðrar tekjur 38,3%
- Styrkir 6,7%

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2007

	2007	2006	2007	2006
Rekstrartekjur				
Framlag ríkissjóðs vegna kennslu og rannsókna	1.608.244.000	1.387.093.314	55,1%	59,6%
Skólagjöld og aðrar tekjur	1.117.397.417	832.592.277	38,3%	35,8%
Styrkir	194.190.904	106.100.936	6,7%	4,6%
	2.919.832.321	2.325.786.527	100,0%	100,0%
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	1.809.844.618	1.522.227.537	63,8%	65,1%
Húsnæðiskostnaður	347.250.744	309.764.843	12,2%	13,3%
Annar rekstrarkostnaður	585.319.906	433.572.886	20,6%	18,6%
Afskriftir	92.462.549	71.551.315	3,3%	3,1%
	2.834.877.817	2.337.116.581	100,0%	100,0%
Rekstrarhagnaður/(tap)	84.954.504	-11.330.054		
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur og verðbætur	51.734.193	40.510.770		
Vaxtagjöld og verðbætur	1.736.830	20.601.141		
	49.997.363	19.909.629		
Niðurstaða ársins	134.951.867	8.579.575		



Kennslu- og húsnaðismál

Kennsla í hinum nýja sameinaða háskóla fór fram á fjórum starfsstöðvum: Að Ofanleiti, Höfðabakka, Reykjanesbæ og í Kringlunni 1 og Kringlunni 7. Skólinn hafði til umráða tæplega 19.000 fermetra. Stærsta starfsstöð skólans er í Ofanleiti þar sem rúmlega 2000 nemendur stunduðu nám sitt. Má áætla að um 2500 nemendur hafi stundað nám sitt á Kringlusvæðinu.

Að Höfðabakka fór fram kennsla í tæknigreinum, viðskiptagreinum, heilbrigðisgreinum og á frumgreinasviði. Í Íþróttakademíunni í Reykjanesbæ var kennd íþróttافرæði í kennslufræði- og lýðheilsudeild, í Kringlunni 1 fór fram kennsla í verkfræðigreinum og tölvunarfræði. Í húsi versunarinnar (Kringlan 7) var kennt í meistaranámi í viðskiptadeild. Í Ofanleiti fór fram kennsla í flestum fræðigreinum auk þess sem kennsla Símenntar og Stjórnendaskóla fór að mestu leyti fram þar.

Gæðamál kennslu og þjónustu

Kennslumat var framkvæmt tvisvar sinnum á önn í öllum námskeiðum í grunnnámi og einu sinni til tvisvar sinnum í meistaranámi.

Kennslumati er skipt í þrjá hluta þar sem nemendur gefa einkunn á bilinu 1-5. Meðaltal skólans á haustmisseri 2007 var eftirfarandi:

Samantekt um námskeiðið: 3,63

Samantekt um kennara: 3,90

Samantekt um nemendur: 3,84

Svörun nemenda var almennt á bilinu 55-75% og almennt voru nemendur ánægðir með kennslu og fyrirkomulag hennar.

Forstöðumenn sviða og forsetar deilda vinna með kennslumat og taka viðtöl við kennara. Ef alvarlegar athugasemdir eru gerðar í fyrra kennslumati fá kennarar tækifæri til þess að laga það sem betur má fara.

Vorið 2007 var gerð könnun á viðhorfum nemenda til þjónustu stöðdeilda skólans, s.s. námsráðgjafa, bókasafns og tölvuþjónustu. Niðurstöður voru almennt mjög jákvæðar, en 77% sögðust vera frekar eða mjög ánægðir með þjónustu skólans aðra en kennsluna. Sérstaklega virðast nemendur ánægðir með viðmót starfsmanna og þjónustu í afgreiðslum skólans.



Þróunarsvið

Þróunarsvið HR hefur umsjón með ýmsum þróunarverkefnum og fjárfestingum HR bæði á sviði nýrrar þjónustu og rekstrar. Auk þess sér sviðið um ýmis verkefni og samninga sem eru utan við hefðbundna akademíska starfsemi háskólans. Stærsta verkefnið á árinu 2007 var áframhaldandi vinna við hönnun og uppbyggingu nýbyggingar HR, en einnig undirbúningur annarrar starfsemi á lóð HR við rætur Öskjuhlíðar. Framkvæmdastjóri þróunarsviðs er jafnframt framkvæmdastjóri Hástoðar ehf, sem er dótturfélag HR á sviði fasteignareksturs.

Samstarf Klaks ehf. og Háskólans í Reykjavík um rekstur frumkvöðla- og nýsköpunarseturs

Háskólinn í Reykjavík og Klak ehf. sem er dótturfélag Nýherja hf., ákváðu í ágúst mánuði að sameina starfsemi sína á sviði útleigu húsnæðis og þjónustu við frumkvöðla- og nýsköpunarfyrirtæki til að efla þessa starfsemi í landinu. Yfir 20 fyrirtæki og einstaklingar voru í byrjun með aðstöðu innan Klaks og fá þar margvíslega þjónustu. Þeim mun síðan fjölga á næstu misserum. Fyrirtækin verða fyrst í stað með aðstöðu í húsnæði Háskólans í Reykjavík í Kringlunni 1.

HR stefnir að enn nánari tengslum við atvinnulífið og að vera í forystu um frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun með þátttöku í uppbyggingu og rekstri frumkvöðlaseturs. Gert er ráð fyrir að nokkur þúsund fermetra húsnæði verði í boði á svæði HR við rætur Öskjuhlíðar fyrir slíka starfsemi frá og með 2010-2011.

Nýherji hefur undanfarin 7 ár rekið nýsköpunarmiðstöðina Klak ehf. og stýrt starfsemi Seed Forum á Íslandi. Árangur af þeirri starfsemi hefur verið góður. Fyrirtækin sem hafa gengið í gegnum Seed Forum þjálfunina hafa á árangursríkan hátt mótað stefnu sína og mörg þeirra hafa fjármagnað rekstur sinn í gegnum tengsl sem myndast hafa á Seed Forum ráðstefnum í kjölfarið.

Áformað er að Klak ehf. nýsköpunarmiðstöð útvíkki núverandi starfsemi og verður öðrum fyrirtækjum boðið að gerast eignaraðilar að félaginu. Sérstaklega verður lögð áhersla á að fá að félaginu fyrirtæki og stofnanir sem vinna að nýsköpun og halda þannig áfram uppbyggingu og þróun á sinni starfsemi í stærra húsnæði og af meira afli. Mikilvægt er að stór og framsækin fyrirtæki komi enn meira að uppbyggingu á frumkvöðlastarfsemi til hagsbóta fyrir nýsköpunar- og þróunarstarfsemi á Íslandi.

Með öflugri uppbyggingu Klaks - nýsköpunarmiðstöðvar verða HR, Nýherji og fleiri aðilar í samstarfi um að byggja upp Klak ehf. sem öfluga nýsköpunar- og þekkingarmiðstöð í samvinnu við framsækin fyrirtæki á sínum sviðum. Áhersla verður lögð á að nýta styrk allra aðila og tengsl við rannsóknar- og nýsköpunarsamfélagið hér á landi, jafnframt því að byggja upp alþjóðleg tengsl fyrirtækja, hluthafa Klaks og frumkvöðla á Íslandi. HR mun því geta lagt ýmislegt af mörkum í þessum málum bæði hvað varðar þekkingu, ráðgjöf og þjónustu.



Nýbygging HR við Öskuhlíð

Í byrjun árs 2007 var gengið frá samningum við Henning Larsen Architects í Danmörku og Arkís á Íslandi um hönnun nýbyggingar Háskólans í Reykjavík við Öskjuhlíð. Verkræðihönnun var í byrjun í höndum Cowi í Danmörku, en síðan alfarið hjá VGK Hönnun og Raffeikningu á Íslandi. Landslagshönnun annaðist Landmótun ehf.

Í marsmánuði var samið við Eignarhaldsfélagið Fasteign um að taka að sér eignarhald, hönnun og framkvæmdir við bygginguna í nánu samstarfi við HR. Skólinn leigir síðan bygginguna til 50 ára en með kauprétti að henni á 5 ára fresti.

HR lagði fram lóð undir bygginguna og eignaðist tæplega 28% eignarhlut í Eignarhaldsfélaginu Fasteign fyrir lóðina. Þróun og ráðgjöf annaðist verkefnastjórn fyrir hönd Fasteignar.

Þann 19. ágúst 2007 tók Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri fyrstu skóflustungu að nýbyggingu HR og framkvæmdir við jarðvinnu hófust skömmu síðar. Að frumkvæði skólans keypti Eignarhaldsfélagið Fasteign einnig lóð og uppsteypa byggingu veitingastaðarins Nauthóls, sem er á milli nýbyggingar HR og Nauthólsvíkur. Þar verður rekin veitingastarfsemi sem þjónar bæði almenningi og háskólasamfélaginu á svæðinu. Áformað er að staðurinn opni sumarið 2009.

Svo til allar framkvæmdir verða boðnar út. Fyrsta stóra útboðið var á uppsteypu á byggingunni og í forvali þriggja verktaka síðla árs 2007 bauð ÍSTAK lægst.

Gert er ráð fyrir að HR geti tekið í notkun um 25.000 fermetra byggingarinnar í ágúst 2009 og þá flytji tækni- og verkfræðideild, tölvunarfræðideild og viðskiptadeild þangað. Seinni hlutinn verði tekinn í notkun í ágúst 2010.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri tók fyrstu skóflustunguna að nýbyggingu HR í Öskjuhlíð þann 19. ágúst 2007.



Sýn arkitektanna Henning Larsen og Arkís á hvernig framtíðarhúsnæði HR kemur til með að líta út í Nauthólsvík.



Markaðs- og kynningarmál Háskólans í Reykjavík

Fjölmíðlar

Umfjöllun fjölmíðla um Háskólann í Reykjavík jókst mikið á árinu 2007. Sem dæmi má nefna að í janúar 2006 var fjallað um málefni Háskólans í Reykjavík í 9,8 prósentum allra greina um íslenska háskóla sem birtust í dagblöðum og fréttatímum ljósvakamiðlanna. Í september 2007 var þessi tala komin upp í 21,7%. Grafið sýnir hvernig umfjöllun um HR jókst hlutfallslega á þessum tíma miðað við heildarumfjöllun íslenskra fjölmíðla um alla íslenska háskóla.

Framhaldsskólakynningar

Háskólinn í Reykjavík leggur mikla áherslu á að kynna starfsemi sína fyrir verðandi háskólanemum. Öllum stúdentsefnum landsins var boðið í heimsókn í HR þar sem starfsfólk og nemandur skólans kynntu nám og aðra starfsemi skólans.

Háskólinn í Reykjavík tók þátt í Stóra Háskóladeginum í febrúar 2007. Þá tóku 6 háskólar sig saman og kynntu starfsemi sína með veglegum hætti í Borgarleikhúsinu. Þessi háttur hefur verið hafður á um nokkurra ára skeið og þennan dag sækja þúsundir manna sér upplýsingar um háskólanám á Íslandi.

HR hélt ennfremur Ópið hús í húsakynnum skólans í mars, þar sem öll starfsemi skólans var kynnt fyrir hundruðum gesta sem komu í heimsókn.


Kynningarefni

Háskólinn í Reykjavík gaf venju samkvæmt út bækling um allt það nám sem í boði er í skólanum. Auk þess gáfu einstakar deildir út mikið af kynningarefni.

Þá lét skólinn útbúa sjónvarpsauglýsingu sem sýnd var á öllum sjónvarpsstöðvum á vormánuðum. Auk þessa var útbúinn fjöldi dagblaðaauglýsinga, vefauglýsinga og auglýsinga fyrir kvikmyndahús.

Vefur skólans var uppfærður á árinu með nýju veftré og útliti.


UMFJÖLLUN UM HR Í FJÖLMÍÐLUM Í HLUFTFALLI VIÐ AÐRA HÁSKÓLA





Þetta var á meðal þess sem gerðist í Háskólanum í Reykjavík árið 2007

- **20. janúar:** Dr. Svafa Grönfeldt tekur við sem rektor Háskólans í Reykjavík af dr. Guðfinnu S. Bjarnadóttur.
- **15. febrúar:** Landsbankinn og Háskólinn í Reykjavík undirrita samning um að styrkja allt að 35 afburðanemendur á ári til náms með nýnemastyrkjum sem nema skólagjöldum á fyrstu önn og 150.000 króna framfærslustyrk.
- **5. mars:** Háskólinn í Reykjavík kynnir nýtt meistaranám í alþjóðaviðskiptum. Námið verður í samstarfi við utanríkisráðuneytið og mörg af stærstu fyrirtækjum landsins.
- **17. mars:** Háskólinn í Reykjavík ræður tvo nýja deildarforseta að skólanum: dr. Ara Kristin Jónsson sem verður forseti tölvunarfræðideildar og dr. Gunnar Guðna Tómasson sem verður forseti tækni- og verkfræðideildar.
- **3. maí:** Styrktarsjóður dr. Guðfinnu S. Bjarnadóttur stofnaður. Að sjóðnum standa Bakkavör Group, Háskólinn í Reykjavík og Viðskiptaráð Íslands. Honum er ætlað að verðlauna þá nemendur HR sem leggja fram bestu viðskiptaáætlun í verkefnum skólans á ári hverju. Fyrst var úthlutað úr sjóðnum við skólasetningu 17. ágúst.
- **29. maí:** Háskólinn í Reykjavík og JPV útgáfa gera samning um útgáfu fræðiritar starfsmanna HR.
- **9. júní:** Háskólinn í Reykjavík brautskráir 336 nemendur úr fjórum deildum skólans og af 12 námsbrautum.
- **23. júlí:** Dr. Yngvi Björnsson, dósent við Háskólann í Reykjavík og Hilmar Finnsson, meistaranemi í tölvunarfræðum við HR, verða heimsmeistarar í gervigreind eftir spennandi úrslitaleik við lið Háskólans í Kaliforníu (UCLA).
- **22. ágúst:** Lagadeild Háskólans í Reykjavík heldur upp á 5 ára afmæli sitt. Fyrstu meistaranemar lagadeildar voru útskrifaðir frá skólanum 9. júní.
- **24. ágúst:** Borgarstjórinn í Reykjavík, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, tekur fyrstu skóflustunguna að nýbyggingu Háskólans í Reykjavík, við rætur Öskjuhlíðar. Ráðgert er að starfsemi skólans í byggingunni hefjist haustið 2009.
- **25. ágúst:** Fyrstu meistaranemarnir í lýðheilsufræðum útskrifaðir frá kennslufræði- og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík.
- **3. september:** Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, veitir Háskólanum í Reykjavík viðurkenningu á fræðasviði verk- og tæknivísinda. Þetta er í fyrsta sinn sem slíkar viðurkenningar eru veittar, en það er gert í samræmi við ný lög um háskóla frá 2006.
- **17. september:** Róbert Wessman leggur fram 1.000 milljónir króna sem hlutfé og framlag í Þróunarsjóð Háskólans í Reykjavík.
- **8. nóvember:** Lagadeild Háskólans í Reykjavík hlýtur styrk að upphæð 1,4 milljónir evra úr 7. rannsóknaráætlun Evrópusambandsins. Þetta er langhæsti styrkur sem úthlutað hefur verið til íslensks verkefnis á sviði hug- og félagsvísinda.
- **3. desember:** Nýr alþjóðlegur orkuskóli á framhaldsstigi háskóla, REYST, tekur til starfa. Skólinn er samstarf Orkuveitu Reykjavíkur, Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands.



Háskólinn í Reykjavík
Ofanleiti 2, 103 Reykjavík
Kringlunni 1, 103 Reykjavík
Höfðabakka 9, 110 Reykjavík

Sími: 599 6200
Fax: 599 6201
info@ru.is
www.hr.is